

DÓRA ÍSLEIFSDÓTTIR

Sér búdda og Maríu mey á hverjum morgni

• heimili

ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS



KOLBRÚN AÐALSTEINSDÓTTIR

Tískuvikan endurvakin

Mikil þörf á atburði sem þessum

FÓLK 26



TYRFÐU NÚNA!



torf.is · S. 894 3000

FRÍTT

# FRÉTTABLAÐIÐ

10. ágúst 2009 – 187. tölublað – 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

## MÁNUDAGUR



Reiknar minna en fólk heldur

Ingólfur Eðvarðsson hlaut viðurkenningu á Ólympíuleikunum í stærðfræði.

TÍMAMÓT 14

## Sítur við skriftir

Anna Svava Knútsdóttir er ein sexmenninganna sem skrifa Áramótaskaup-ið í ár.

FÓLK 26



## Stundum erfið ást

„Einhver kallaði það „Brusselaðferðina“ við úrlausn deilumála að forðast kjarna málsins í lengstu lög, svona rétt eins og á Íslandi“, skrifar Jón Ormur Halldórsson.

Í DAG 12

## KR drap FH-grýluna



KR-ingar unnu 4-2 sigur á toppliði FH í Kaplakrikanum í gær.

ÍPRÓTTIR 22

## VEÐRIÐ Í DAG



HÆGVINDRI í dag verður hæg norðlæg eða breytileg átt. Víða skýjað með köflum og skúrir en rofar heldur til síðdegis einkum sunnanlands. Milt í veðri og hitinn víðast 12-18 stig, hlýjast syðra.

VEÐUR 4

# Nýjar útfærslur breyta ekki afstöðu stjórnarandstöðu

Nýjar tillögur að fyrirvörum við frumvarp um ríkisábyrgð vegna Icesave voru kynntar á fundi hluta fjárlaganefndar í gær. Engin samstaða er um tillögurnar. Stjórnarandstaðan vill að samið verði upp á nýtt.

**ALÞINGI** Ekki tókst að ná þverpólitískri samstöðu um lausn á deilum vegna Icesave-samkomulagsins á fundi fulltrúa allra flokka í gær, eins og vonir höfðu staðið til. Til stóð að ljúka umræðum um málið í fjárlaganefnd í dag og hefja aðra umræðu á Alþingi á morgun, en fullljóst er talið að af því verði ekki.

Fulltrúar allra flokka í fjárlaganefnd áttu óformlegan fund í gær þar sem rætt var um frumvarp stjórnvalda um ríkisábyrgð vegna Icesave-samningsins. Þar lagði Guðbjartur Hannesson, formaður nefndarinnar, fram nýjar tillögur að mögulegum fyrirvörum Alþingis við frumvarpið.

Fundarmenn vildu í gær ekki upplýsa hvað kæmi fram í tillögnum, en heimildir Fréttablaðsins herma að um sé að ræða útfærslur á fyrirvörum sem hafi áður verið til umræðu. Þeir fyrirvarar snúast til dæmis um þróun efnahagsmála hér á landi næstu árin, greiðslugetu landsins og lagalega þætti.

Engin samstaða náðist um tillögurnar í gær, en fyrir fundinn virtust fulltrúar stjórnarmeirihlutans fremur vongóðir um að málið væri að leysast. Fjárlaganefnd mun funda um málið í dag.

„Ég er mjög efins um að við værum að gera rétt með því að sauma saman einhverja fyrirvara,“

segir Höskuldur Þórhallsson, fulltrúi Framsóknarflokks í nefndinni. „Það væri hreinlegast að segja við Breta og Hollendinga að það sé ekki meirihluti fyrir þessu á Alþingi, og senda nýja samninganefnd til að reyna að ná mannsæm- andi samningi,“ segir Höskuldur.

Þingmenn sem rætt var við í gær fullyrða að ekki sé þingmeirihluti fyrir því að samþykkja stjórnarfrumvarpið, hvort sem er með fyrirvörum eða óbreytt.

„Ég hefði talið eðlilegast að Alþingi lýsti því yfir að sátt væri um að semja um Icesave, en ekki á þessum grunni,“ segir Kristján Þór Júlíusson, fulltrúi Sjálf-

stæðisflokksins í fjárlaganefnd. Hann segir að leita verði samninga á öðrum grunni en gert hafi verið. Enginn sé að útiloka fyrirfram að gera einhvers konar fyrirvara við þann samning sem gerður hafi verið og vinna út frá því. Vandi ríkisstjórnarinnar sé sá að ekki sé meirihluti fyrir þeirri lausn.

Þór Saari, fulltrúi Borgarahreyfingarinnar í fjárlaganefnd, segist vonast til þess að sátt náist um fyrirvara við frumvarp ríkisstjórnarinnar. Náist sátt um þá sé það Breta og Hollendinga að hafa frumkvæði að því að semja að nýju. Fyrirvararnir geri því vart annað en að styrkja samningsstöðu Íslands. -bj



ÓHRÆDD Í HÁLOFTUNUM Billinn sem sjá má við höfuð Hildur virðist varla vera nema leikfang úr sjöttíu metra hæð. Hildur segir þó hvergi smeyk, svo lengi sem hún forðast að líta mikið niður.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

## Harpa Einarsdóttir hönnuður: Tilnefnd til CODE-verðlaunanna

**FÓLK** Harpa Einarsdóttir hönnuður er tilnefnd til norrænu CODE-verðlaunanna fyrir búninga- hönnun sína í tölvuleiknum EVE Online. Harpa hóf störf hjá tölvuleikja- fyrirtækinu CCP á Íslandi fyrir rúmum tveimur árum



og hannaði búninga fyrir tölvuleikinn vinsæla, en hún starfar nú hjá útibúi fyrirtækisins í Atlanta. „Við létum prenta út eina stóra mynd af búningi sem var sendur inn sem mitt innlegg í þessa keppni. Ég fékk svo allt í einu skilaboð frá vinnunni um að ég væri tilnefnd til verðlaunanna,“ segir Harpa.

- ag / sjá síðu 26

## Hjálparveit skáta í Reykjavík þrífur glugga í háhýsinu við Höfðatorg: Þvo í þágu góðs málstaðar

**FÓLK** „Þetta er fínt, maður má bara ekki horfa of mikið niður,“ segir Hildur Arnardóttir, meðlimur í Hjálparveit skáta í Reykjavík, sem varði gærdeginum hangandi í sjöttíu metra hæð yfir jörðu utan í háhýsinu við Höfðatorg.

Nokkrum meðlimum hjálpar-

sveitarinnar bauðst að þvo gluggana á tveimur efstu hæðum hússins til að styrkja sveitina, og stendur verkið nú yfir.

Á menningarnótt mun sveitin halda björgunarsýningu, meðal annars strengja um 200 metra línu- brú frá toppi hússins yfir í Höfða.

„Ég er nú ekkert lofthrædd,“ segir Hildur, sem bæði hefur prófað að síga í klettum og fara í ísklifur. Svona hátt hefur hún hins vegar aldrei hangið fyrr, og segir hún það jafnvel hafa komið sjálfri sér dálítið á óvart hversu létt það reyndist henni.

- sh

muundu eftir mjólkinni!

Kafbátur mánaðarins • ágúst

6 tommu bátur

349 krónur

Túnfiskbátur

TENGI

Tilboð vikunnar

Upphengt salerni, seta, innbyggður kassi og þrýstispijald

Tilboð kr. 54.900,-

Smíðjuvegi 76 | Baldursnesi 6  
Kópavogi | Akureyri  
Sími 414 1000 | Sími 414 1050



Sigurður, rann á konuna mataræði?

„Nei, ég held að hún hafi bara viljað að börnin hennar myndu helga sig Helgu Sig.“

Hin fræga matreiðslubók Matur og drykkur eftir Helgu Sigurðardóttur hefur verið endurútgáfa hjá bókaforlaginu Opnu. Ein kona keypti sjö eintök af bókinni. Sigurður Svavarsson er einn eigenda Opnu.

## Þingið kys nýja Þingvallanefnd

**ALÞINGI** Þing kemur saman í dag eftir tveggja vikna þinghlé. Samkvæmt dagskrá á að kjósa í nýja Þingvallanefnd. Sex af sjö núverandi nefndarmönnum eiga ekki lengur sæti á Alþingi.

Nefndin hefur í raun ekki verið starfhæf vegna þessa frá því nýtt þing kom saman í byrjun sumars. Brýnt verkefni bíður nýrra nefndarmanna, enda eftir að ákveða hvað verður gert á reitnum þar sem Hótel Valhöll stóð.

Hlé var gert á þingfundum á meðan nefndir þingsins fjölluðu um frumvarp um ríkisábyrgð vegna Icesave, en málið er enn óleyst.

- bj

## Góðvinur Michaels Jackson: Segist vera pabbi Parísar

**BRETLAND** Mark Lester, góðvinur Michaels Jackson til margra ára, segist vera liffræðilegur faðir dóttur Jackson. Hann er reiðubúinn að gangast undir faðernispróf.

Lester tjáði sig í gær og segist hafa gefið sæði. Hann er guðfaðir allra þriggja Jackson-barnanna, en segir að eftir lát hans sé erfðara fyrir hann að vera í sambandi við börnin. Því hafi hann gripið til þessa ráðs, því hann vilji halda sambandi sínu við þau.

Máli sínu til stuðnings hefur Lester bent á að dætur hans séu sláandi líkar París, dóttur Jacksons. Uri Geller, einn besti vinur Jacksons, tók undir sögu Lesters, og segir Jackson hafa sagt sér frá faðerninu fyrir löngu.

- þeb



MICHAEL JACKSON

Enginn slasaðist í tveimur sprengjuárásum á Mallorca í gær:

## ETA viðurkennir sprengjuárás

**SPÁNN** Tvær sprengjur sprangu í Palma, höfuðborg Mallorca, í gær. Lögregla aftengdi þriðju sprengjuna. Enginn slasaðist í sprengingunum. Aðskilnaðarsamtökin ETA hafa lýst ábyrgðinni á sprengjunum á hendur sér.

Önnur sprengjan sprakk á veitingastað við ströndina og hin í undirgöngum við aðaltorg borgarinnar. Varað var við báðum sprengjunum og var því búið að rýma bæði svæðin. Þriðja sprengjan var aftengd á bar. Leitað var um tíma að fjórðu sprengjunni, en engin sprengja til viðbótar fannst.

Fyrr í gærdag lýstu ETA yfir ábyrgð á fjórum öðrum sprengjuárásum sem gerðar hafa verið í sumar. Þeirra á meðal er sprengjuárás á Mallorca í síðustu viku, þar sem tveir lögregluþjónar létu lífið.

Engin íslensk ferðaskrifstofa selur ferðir til Palma. Nálægir bæir eru þó vinsælir hjá íslenskum ferðamönnum. Utanríkisráðuneytið hefur verið í



**TÓMLEGT** Lögreglumaður stóð vaktina fyrir utan veitingastaðinn þar sem fyrsta sprengjan var sprengd í gær. Nærleggjandi svæði voru rýmd, þar á meðal ströndin.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

sambandi við sendiráðið í Frakklandi, en ræðismaður fyrir Mallorca fellur undir það.

Að minnsta kosti 825 manna hafa látið lífið af völdum ETA frá árinu 1968, þegar samtökin hófu að berjast með ofbeldisfullum hætti fyrir því að Baskahérað verði sjálfstætt ríki.

- þeb

## Lögreglumenn íhuga að grípa til aðgerða

Lögreglumenn í borginni hafa rætt það sín á milli að grípa til aðgerða gegn yfirstjórn embættisins ef fyrirhugaðar skipulagsbreytingar verða að veruleika. Komið til tals að neita að taka aukavaktir og hætta að svara í síma á frívöktum.

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglumenn á höfuðborgarsvæðinu hafa rætt það sín á milli að grípa til aðgerða gegn yfirstjórn embættisins ef ekki verður hætt við fyrirhugaðar skipulagsbreytingar sem taka eiga gildi 1. september. Mögulegar aðgerðir gætu til dæmis fallist í því að neita að taka aukavaktir nema þeir verði beinlínis skyldaðir til þess og svara ekki í síma þegar þeir eru á frívöktum.

Fyrirhugaðar breytingar fela í sér að fimm hverfalögreglustöðvar sem þegar hefur verið komið á fót öðlast enn frekara sjálfstæði. Við þetta eru lögreglumenn afar ósáttir. Þeir segja að með breytingunni sé aukið við yfirbyggingu á kostnað almennra lögreglumanna, sem sé skref aftur á bak. Þá á einnig að taka gildi nýtt vaktakerfi sem lögreglumenn hafa mótmælt harðlega.

Arinbjörn Snorrason, formaður Lögreglufélagsins í Reykjavík, segist hafa heyrt af því að menn séu farnir að ræða hvernig unnt sé að bregðast við. Lögreglumenn hafi ekki verkfallsrétt en annars konar aðgerðir hafi borið á góma. Hann segir félagið hins vegar ekki hvetja til slíkra aðgerða, heldur einbeiti sér að því að þrýsta á að yfirstjórn embættisins og ráðamenn sjái að sér og beiti sér fyrir því að af breytingunum verði ekki.

Arinbjörn segir óánægjuna svo víðtæka að vantrausti hafi verið lýst yfir á störf Stefáns Eiríkssonar lögreglustjóra, falli hann ekki frá áformunum um skipulagsbreytingarnar.

Þá hefur dómismálaráðherra



**STABÍÐ Í STRÖNGU** Lögreglumenn hafa lýst því hversu mikið mótmælin í upphafi árs fengu á þá og fjölskyldur þeirra.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETER

## KOMUST EKKI Í YFIRSTANDANDI INNBROT

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins úr lögreglunni hefur í þriggja vikum verið brotist inn á heimili í borginni og húsráðendum ógnað, án þess að lögregla geti sinnt útkallinu. Í þessum tilfellum hefur ekki verið um rán að ræða, heldur hefur innbrotspjófurinn talið sig geta athafnað sig í friði en síðan gengið í flasið á húsráðanda. Lögreglumenn hafa að undanförunu birt greinar í fjölmiðlum, bæði undir nafni og nafnlaust, þar sem þeir lýsa yfir miklum áhyggjum af fámenni í lögreglunni.

einnig gert lögreglu að skera niður og hefur mætt miklum mótbárum lögreglumanna, sem telja sig þegar allt of faliðaða. Snorri Magnússon, formaður Landssambands lögreglumanna, hefur sagt að á höfuðborgarsvæðinu einu þyrfti að tvöfalda mannskapinn ef vel ætti að vera.

Arinbjörn bendir einnig á að væntanlegar breytingar í borginni séu í raun algerlega á skjön

við hugmynd dómismálaráðherra um skipulagsbreytingar á lögreglunni, sem snúast um að gera landið allt að einu lögregluumdæmi, en starfshópur á vegum ráðuneytisins vinnur nú að því að móta þá tillögu. Í henni felist að auka miðstýringu og fækka í yfirstjórn og hún geti hagnast lögreglumönnum ágætlega ef um hana næst samstaða.

stigur@frettabladid.is

Læknar töldu fyrirbura látinn:

## Barnið grét í eigin líkvöku

**PARAGVÆ** Fyrirburi sem læknar töldu andvana fæddan lifnaði óvænt við í eigin líkvöku nokkrum klukkustundum eftir að læknar á sjúkrahúsi í Paragvæ höfðu úrskuð að barnið látið.

Faðir barnsins heyrði son sinn gráta í fyrsta sinn eftir að hann hafði verið lagður í kistu, að því er fram kemur á vef BBC.

Foreldrarir brugðust hratt við og komu syni sínum aftur á spítalann, þar sem furðu lostnir læknarnir tóku á móti honum. Talsmaður spítalans sagði lækna hafa reynt lífgunartilraunir í klukkustund áður en drengurinn hafi verið úrskurðaður látinn.

- bj



**SNÁKUR** Fimm tíu tegundir af snákum er að finna í Bangladesh.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Rannsókn í Bangladesh:

## Þúsundir deyja úr snákabítum

**BANGLADESH, AP** Um sex þúsund manns deyja árlega af völdum snákabita í Bangladesh. Snákabít eru önnur algengasta dánarorsök af ónáttúrulegum orsökum í landinu. Drukknun er algengasta orsök.

Heilbrigðisráðuneyti landsins hefur látið rannsaka snákabít. Í ljós kom að um 700 þúsund manns eru bitnir af snákum á hverju ári, og aðeins þrjú prósent fá læknishjálp. Fimmtán prósent eru bitnir í svefni. Flestir eru bitnir á göngu á kvöldin.

160 milljónir manna búa í hinu fátæka Bangladesh.

- þeb

Lögmaður um kröfu Óttars:

## Krafa vegna hlunninda

**VIBSKIPTI** Krafa Óttars Möllers, fyrrverandi forstjóra Eimskips, í þrotabú Straums er mun hærrí en hún hefði átt að vera, segir Gísli Guðni Hall, lögmaður Óttars. Krafan er til komin vegna samnings um afnot af bíl og skrifstofu, ekki ógreiddra launa eða lífeyris.

Gísli gerði fyrir hönd Óttars kröfu upp á tæplega 280 milljónir í þrotabúið. Hann segir kröfuna hafa verið lagða fram á síðustu stundu og hafa byggst á eigin áætlun. Rétt upphæð sé mun lægri, en auðveldara sé að lækka kröfu en hækka eftir að hún hefur verið lögð fram.

- bj

Ásthildur Cecil Þórðardóttir garðyrkjustjóri býst við gjöfulem berjaári:

## Berjasprettan seinni í ár en í fyrra

**BERJASPRETTA** „Ég hef grun um að sprettan í ár sé seinni en í fyrra út af kuldakasti,“ segir Ásthildur Cecil Þórðardóttir, garðyrkjustjóri á Ísafirði.



ÁSTHILDUR CECIL ÞÓRÐARDÓTTIR

Hún spár því að berjasprettan verði góð í ár og segir rigninguna skipta sköpum. „Það rignir vel núna, en þetta er óvenjulegur tími fyrir rigningar. Kuldinn gerir ekki mikinn skurk, en það skiptir máli hvort það rigni eða hvort það er þurr. Svo þarf bara hita og sól eftir þessar rigningar og það mun gerast. Núna sýnist mér að það hafi verið svipað veður um allt land svo ég á alveg eins von á að þetta verði gjöfult berjaár. Fólk



**BLÁNAR YFIR BERJAMÓ** Rigningin undanfarið hefur gert gæfumuninn fyrir berjasprettuna.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

sem ég hef talað við hefur kíkt og séð mikið af sætukoppum og græn-jöxlum, svo ef það nær að þroskast verður mikið af berjum,“ útskýrir Ásthildur.

Sjálf segist hún ekki vera byrjuð að líta eftir berjum, en hún þarf ekki að leita lengra en út í garð hjá sér eða í hlífina við heimili sitt þar

sem hún tínr aðalbláber og krækiber. Aðspurð segist hún borða þau beint með rjóma, en lætur aðra um að sulda. „Ég er bæði með sólber og rifsber í garðinum hjá mér, en það koma gjarnan konur í heimsókn til mín sem fá að tína, sulda og gefa mér svo krukku,“ segir hún og brosir.

- ag

# ALI BABA



**NÝTT Á MATSEÐLI**

Lúffeng og holl Shawerma rúlla á aðeins **750kr.**



**HOLLUR SKYNDIBITI**

Shish Kebab, Falafel, Arais Makia, Kebab, Baklawa, Humus

ALI BABA Veltusund 3b, v.Íngólfstorg

# HEIMAVÖRN SECURITAS FULLKOMIÐ ÖRYGGISKERFI FYRIR HEIMILIÐ

Í LJÓSI AUKINNAR INNBROTATÍÐNI BJÓÐUM VIÐ NÚ HEIMAVÖRN  
SECURITAS ENDURGJALDSLAUST FYRSTU TVO MÁNUÐINA.

HEIMILIÐ ER Í ÖRUGGUM HÖNDUM HJÁ SECURITAS.

Hafðu samband í síma 580 7000 og fáðu heimsókn frá öryggisráðgjafa.  
Nánari upplýsingar er einnig að finna á vefsíðu okkar [www.securitas.is](http://www.securitas.is)



**HEIMAVÖRN**

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	123,35	125,95
Sterlingspund	209,87	210,89
Evra	179,69	180,96
Dönsk króna	24,168	24,31
Norsk króna	20,586	20,708
Sænsk króna	17,459	17,561
Japanskt jen	1,3147	1,3223

SDR 196,08 197,24

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

233,4168

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

## Íslandsmeistaramót: Keppt í siglingum kjölbáta

**SIGLINGAR** Íslandsmeistaramót í siglingum kjölbáta fór fram í Skerjafirði um helgina. Sigldar voru sex umferðir eftir IRC for-gjafarkerfi, undir stjórn siglinga-klúbbsins Ýmis í Kópavogi.

Mótið hófst á föstudaginn við góðar aðstæður og alls tóku átta áhafnir þátt í því. Íslandsmeistararnir frá því í fyrra, áhöfn Dögunar, náði forystunni á laugardag og hélt henni til loka mótsins, Harður slagur var um annað og þriðja sætið og skiptust áhafnir á þeim sætum fram á síðustu stundu. Að lokum var það áhöfnin á Aquarius sem hafnaði í öðru sæti, með söngvarann Björn Jörund Friðbjörnsson innanborðs, en áhöfnin á Lilju lenti í því þriðja.

## Ný rannsókn á hamingju: Gleðin eykst með aldrinum

**BANDARÍKIN** Flest fólk verður ánægðara eftir því sem það eldist, ef marka má nýja rannsókn vísindamanna við Kaliforníuháskóla í Bandaríkjunum, sem sagt er frá á vef BBC. Fjölmargir sjálfboðaliðar á aldrinum 18 til 85 ára tóku þátt í ýmiss konar atburðum og skráðu upplifun sína og tilfinningar í dagbækur.

Þegar farið var yfir dagbækurnar kom í ljós að eldri þátttakendur voru almennt ánægðari, og ólíklegri til að vera neikvæðir en þeir yngri. Þá virtust eldri þátttakendur taka persónulega gagnrýni minna inn á sig en þeir sem yngri voru.

### LEIÐRÉTT

Menntamálaráðuneytið veitir grunnskólum starfsleyfi, ekki menntaráð eins og sagt var í laugardagsblaði Fréttablaðsins.

Metaðsókn var á Fiskideginum mikla sem haldinn var á Dalvík nú um helgina:

# Hundrað þúsund matarskammtar gefnir á Dalvík

**HÁTÍÐ** „Við höfum ekki tölu á hve margir mættu, það var svo gríðarlegt mannhaf. Aðsóknin hefur aldrei verið meiri,“ segir Júlíus Júlíusson, framkvæmdastjóri Fiskidegins mikla á Dalvík. Dagskráin hófst síðastliðinn miðvikudag og segir Júlíus veðrið hafa leikið við hátíðargesti, en það var nítján stiga hiti og sól á Dalvík þegar blaðamaður náði tali af honum. Markmið hátíðarinnar er að fólk komi saman, skemmti sér og borði fjölbreytta fiskrétti sér að kostnaðarlausu, en Júlíus telur að rúmlega 100.000 matarskammtar hafi verið gefnir að þessu sinni. Matseðillinn breytist ár frá ári en ávallt er boðið upp á vinsæla rétti svo sem fiskborgara sem eru grillaðir á átta metra löngu grilli, lengsta grilli Íslands.

„Fiskborgararnir slógu í gegn og við grill-

uðum um 13.600 borgara, sem er met. Svo kláraðist nánast úr stærsta súpupotti landsins sem tekur ellefu hundrað lítra, en Bjarni Óskarsson og félagar í Nings mölluðu þar austurlenska súpu,“ útskýrir Júlíus. Öllum réttum fylgdi brauð í boði Myllunnar og drykkir í boði Vífilfells eins og hver gat í sig látið. Aðspurður segir hann hátíðarhöldin hafa gengið vonum framar. „Það er ekki hægt að lýsa þessu, menn verða að upplifa þetta sjálfir. Það eru allir saddir og sælir eftir þetta og þakklætið er gríðarlegt hjá fólkinu sem kom.“



**BLÍÐVIRI Á DALVÍK** Veðrið lék við hátíðargesti á Fiskideginum mikla á Dalvík þar sem boðið var upp á fjölda fiskrétta fólki að kostnaðarlausu.

MYND/HELGI STEINAR

# Milljón manna þurft að flýja heimili sín

Gríðarleg flóð hafa orðið af völdum fellibylsins Morakot, sem hefur farið um nokkur Asíulönd undanfarna daga. Tugir hafa látið lífið og margra er saknað, auk þess sem tæplega milljón manna þurfti að flýja heimili sín í Kína.

**KÍNA, AP** Um ein milljón manna hefur þurft að yfirgefa heimili sín í Kína vegna mikilla flóða af völdum fellibylsins Morakot. Áður hafði fellibylurinn riðið yfir Taívan og Filippseyjar. Einn hefur látið lífið í Kína. Tuga manna er saknað í Taívan og að minnsta kosti 21 hefur látið lífið á Filippseyjum, og sjö til viðbótar er saknað. Þrír evrópskir ferðamenn eru á meðal þeirra sem saknað er.

Gífurleg flóð hafa orðið af völdum fellibylsins. Í Taívan eru flóðin þau verstu í fimmtíu ár og hefur úrkomman mælst 2000 millimetrar. Þar hrundi sex hæða hóteli út í á vegna flóðanna, en búið var að rýma hótelið áður en það gerðist. 300 manns voru á hótelinu, sem var vinsælt meðal ferðamanna. Fellibylurinn gekk yfir á föstudag og laugardag. Sextán manns er saknað eftir að hús hrundi í flóði, þeirra á meðal voru tveir lögrelgumenn sem voru að hjálpa fólki að komast út úr húsinu. Alls er 31 saknað þar í landi og þrjú dauðsföll hafa verið staðfest. Skólum hefur verið lokað og öllu flugi undanfarna daga hefur verið aflýst.

Fellibylurinn kom á land á austurströnd Kína í gær og bar með sér gríðarmikla rigningu og vind sem náði yfir hundrað kílómetra hraða. Um 500 þúsund manns hafa verið fluttir frá Zheijiang-héraði og annar eins fjöldi frá Fujian-héraði. Að minnsta kosti einn er látinn. Litill drengur lét lífið eftir að hús sem hann var í hrundi og hann grófst undir rústum þess. Fjórir aðrir fjölskyldumeðlimir lifðu



**TAÍVAN** Sex hæða hóteli varð rigningunni að bráð í Taívan um helgina. 300 manns voru á hótelinu en það var rýmt skömmu áður en það hrundi. Gríðarleg rigning og vindur var í landinu um helgina á meðan fellibylurinn Morakot reið þar yfir.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

af. Rúmlega 300 hús hafa hrundið vegna rigninganna. Lögrelgumenn hafa farið um og dreift vatni og núðlum til þeirra íbúa sem eru fastir í húsum sínum vegna flóðanna. 48 þúsund bátar og skip hafa verið send í land og bæði flugferðum og strætóferðum hefur verið aflýst í héruðunum.

Áhrifa fellibylsins gætir líka í Japan, en í suðurhluta landsins hefur verið mikil rigning og sterkur vindur. Eina röskunin sem felli-

bylurinn hefur valdið þar í landi er að flugi hefur verið aflýst.

Morakot er langsterkasti fellibylur sem gengið hefur yfir á þessu ári á svæðinu, en þar eru fellibylir algengir.

Fellibylurinn mun fara yfir Sjanghai í dag og hefur verið grip- ið til mikilla varúðarráðstafana vegna þess. Búið er við því að fellibylurinn minnki frá og með deginum í dag.

thorunn@frettabladid.is

## Breti varð tveimur að bana: Dæmdur fyrir morð í Írak

**BAGDAD, AP** Íröskk stjórnmöld handtöku í gær breskan verktaka sem grunaður er um að hafa orðið tveimur samstarfsmönnum sínum að bana, einum Breta og einum Ástrala. Verktakinn skaut mennina til bana á græna svæðinu í Bagdad, sem umlykur höfuðstöðvar Bandaríkjamanna í borginni, og særði íraskan mann þegar hann reyndi að flýja svæðið.

Bretinn gæti orðið fyrsti Vesturlandabúinn sem dæmdur verður fyrir morð af íröskum dómstóli eftir að írösk stjórnmöld tóku við öryggisgæslu á græna svæðinu 1. janúar síðastliðinn.

## Heppinn Bandaríkjamáður: Vann tvisvar í lottói á einu ári

**BANDARÍKIN, AP** Tæplega fimmtugur maður í Kansas í Bandaríkjunum vann á dögum í lottói í annað skiptið á innan við ári.

Edward Williams vann 75 þúsund dollara, rúmar níu milljónir króna, á happdrættismiða í september. Í síðustu viku vann hann svo tæplega 900 þúsund dollara, eða rúmar 110 milljónir íslenskra króna, í lottói í Kansas.

Williams er fyrrverandi sjóliði og vinnur nú hjá bílafyrirtæki. Hann ætlar að leggja peningana í banka og nota þá þegar hann fer á eftirlaun, sem hann vonast til að gera þegar hann verður 55 ára.

- þeb

### ÍRAK

## Hermenn með svínaflensu

Rúmlega fimmtíu bandarískir hermenn í Írak hafa verið greindir með svínaflensu. Sjöttu til viðbótar eru í einangrun vegna gruns um smit. Allir þeir sem greinst hafa eru á bata-vegi. Fyrsta dauðsfallið af völdum flensunnar í Írak var í gær.

**TÖFRASTUNDIR VISA Í SUMAR**

**NOTAÐU FREKAR VISA**

ÞÚ GÆTIR UNNIÐ Á HVERJUM DEGI!

100 stórglæsilegir ferðavinningar að verðmæti yfir 4.000.000 kr.

**VEÐURSPÁ**

**HEIMURINN**

Alicante	28°
Basel	26°
Berlín	27°
Billund	21°
Eindhoven	21°
Frankfurt	26°
Friedrichshafen	21°
Gautaborg	20°
Kaupmannahöfn	20°
Las Palmas	24°
London	20°
Mallorca	30°
New York	35°
Orlando	34°
Ósló	20°
París	26°
San Francisco	25°
Stokkhólmur	23°

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

**SMÁSKÚRIR**  
Veðrið verður mjög svipað næstu daga en það mun einkennast af hægviðri og lítils háttar vætu og því frábært útivistarveður. Það mun líklega sjást eitthvað meira til sólar næstu daga, en í dag verður fremur þungubúið en ætti að rofa til síðdegis, einkum syðra.

**Á MORGUN**  
Hæg breytileg átt.

**MÍÐVIKUDAGUR**  
Hæg norðvestlæg átt.

# Haustferðir Úrvalsfélks!



Skemmtanastjórar (eftir röð á mynd): Valdís, Ottó, Kjartan Trausti, Sigríður, Hjördís, Jenný, Sigvaldi, Ásdís, Lilja.

## Tenerife

VERÐDÆMI:

**Tropical Playa ★★★**

**164.900 kr.\***

herbergi m/hálfa fæði í 3 vikur.

Ferðir:

30.sept. 2009 – 21. okt. 2009

13.jan. 2010 – 3. feb. 2010

## Kanarí

VERÐDÆMI:

**Roque Nublo ★★★**

**157.400 kr.\***

á mann í íbúð í 3 vikur, 24.okt -19.nóv.

Ferðir:

24. okt. 2009 til 14. eða 28. nóv. 2009

10. – 31. jan. 2010

28.feb. 2010 – 21. mars

Í ferð með Úrvalsfélki er hópurinn samstæður og þú nýtur samvista við jafnaldra, vini og kunningja. Ferðalög og frábær félagsskapur fyrir 60 ára og eldri með þaulreyndum skemmtana- og fararstjórum.



ÚRVAL-ÚTSÝN

MEIRA Á  
[urvalutsyn.is](http://urvalutsyn.is)

## KJÖRKASSINN



Eru dómur í fíkniefnamálum of þungir?

JÁ 11,5%

NEI 88,5%

## SPURNING DAGSINS Í DAG:

Styður þú nýlegar aðgerðir Saving Iceland?

Segðu þína skoðun á visir.is

Handverkshátíðin við Hrafnagilsskóla haldin í sautjándan sinn í blíðviðri:

## Fimmtán þúsund manns á handverkshátíð

**HÁTÍÐ** „Það má segja að við séum búin að slá öll aðsóknarmet, en í gær höfðu yfir fimmtán þúsund manns sótt hátíðina heim,“ segir Dórothea Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Handverkshátíðarinnar við Hrafnagilsskóla. Hátíðin var haldin í sautjándan sinn í ár, en hún hófst á föstudag og lýkur í dag. „Það er varla auður blettur á tjalpstæðinu hérna og stemningin er svakalega góð, 20 stiga hiti og sól,“ útskýrir Dórothea og segir öll störf í kringum hátíðina unnin í sjálfboðavinnu.

Dagskráin undanfarna daga hefur verið fjölbreytt að vanda. Guðrún Ásgerður Steingrimsdóttir

var valin handverkskona ársins 2009, en frá því á föstudag hafa verið daglegar tískusýningar, haldnir fyrirlestrar og námskeið, krambúð var opin og yfir eitt hundrað manns sýndu handverk sitt svo eitthvað sé nefnt.

„Hönnunarsamkeppni um nýsköpun í ullarvörum var í tengslum við sýninguna og þá þótti okkur við hæfi að sýna rúning á ullinni. Við fengum því Birgi Arason rúningsmann til að sýna vélrúning daglega og tvær konur í sveitinni hafa setið inni í réttinni til að sýna hvernig bandið verður til úr ullinni,“ segir Dórothea, ánægð með hátíðarhöldin. - ag



**AÐSÓKNARMET Á HANDVERKSHÁTÍÐ** Handverkshátíðin við Hrafnagilsskóla fór fram í sautjándan sinn um helgina við metaðsókn.

## Rafskutlur og Golfhjól á frábæru verði.



**Rafskutlur**  
á kr 179.000 –

**Golfhjól**  
frá kr 189.000



H-Berg ehf. • Grandatröð 5 • Hafnarfjörður • S: 866-6610  
www.hberg.is • hberg@hberg.is

## Vill stuðla að lægra verði á námsbókum

Vefsíðan skiptibokamarkadur.is verður opnuð í dag. Síðan er hönnuð fyrir nemendur á mennta- og háskólastigi þar sem þeir geta keypt og selt bækur sér að kostnaðarlausu. Stofnandi síðunnar stefnir að því að selja síðuna til útlanda.

**NEYTENDUR** Opnaður verður í dag nýr vefur, skiptibokamarkadur.is, þar sem nemendur á framhalds- og háskólastigi geta keypt og selt bækur milliliða- og kostnaðarlaus. Þar geta þeir sem vilja selja eða óska eftir bók skráð sig inn á síðuna og skráð viðkomandi bók í framhaldinu. Notkun á vefnum er algjörlega gjaldfrjálst en hann er fjármagnaður með auglýsingatekjum.

Valur Þráinsson, stofnandi síðunnar, segir að hann hafi fengið hugmyndina í upphafi háskólagöngu sinnar. Valur er að ljúka námi í hagfræði við Háskóla Íslands. „Þegar krónan hrundi í kjölfar bankahrunsins ákvað ég að hrinda þessari hugmynd í framkvæmd þar sem ég sá fram á að verð á nýjum bókum kæmi til með að hækka umtalsvert auk þess sem neytendavitund almennings mundi breytast.“ Valur segir að hann hafi í framhaldinu keypt lénið skiptibokamarkadur.is og ráðist í þetta verkefni.

Valur fékk sér til aðstoðar Þórhall Einiðsson hugbúnaðararkitekt og hafa þeir tveir starfað saman allt frá upphafi og verið í því að búa til síðuna á kvöldin og um helgar undanfarna mánuði meðfram vinnu og skóla.

Aðspurður segir Valur líklegt að reynt verði að selja hugmyndina erlendis enda hafi hann ekki séð fullkonnari síðu þrátt fyrir umtalsverða leit.

Valur segir að viðbrögð auglýsenda hafi verið mjög góð auk þess sem nokkrir aðilar hafi óskað eftir frekara samstarfi. Hann stefnir á að bjóða þeim bóksölum sem hafa



**NÝR SKIPTIBÓKAMARKAÐUR OPNAÐUR** Vefsíðan skiptibokamarkadur.is verður formlega opnuð í dag. Valur Þráinsson, stofnandi síðunnar, segir að vefsíðan sé notendum alfarið að kostnaðarlausu og er hún fjármögnuð með auglýsingatekjum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

á huga á því að hafa bækurnar sínar inni á vefnum að gera það. „Þá væri kominn skilvirkur markaður á netið þar sem nemandi á Íslandi geta annaðhvort keypt bækurnar notaðar og verslað sín á milli eða keypt bókina af þeim bóksala sem byði upp á bestu kjörin.“

„Ég hef fulla trú á því að vefsíðan verði til hagsbóta fyrir nemendur á Íslandi,“ segir Valur. Hann

segir að í dag sé algengt að bóka-kostnaður háskólanema sé á bilinu 40 til 60 þúsund krónur á önn að því gefnu að bækurnar séu keyptar nýjar. Því getur það munað töluverðum fjármunum að kaupa notaðar bækur auk þess sem seljendurnir fá eitthvað fyrir bækurnar sínar sem hefðu margar hverjar legið ónotaðar uppi í bókahyllu.

bta@frettabladid.is

## Ganga á Nesjavalla-svæðinu

Þriðjudaginn 11. ágúst verður Fræðslustígurinn við Nesjavelli genginn að hluta. Gangan er u.þ.b. 7 km löng, tekur um tvær og hálf klukkustund og er að hluta til uppbrattar fjallshlíðar. Fræðst verður

um náttúruna, jarðfræðina og hvernig orkan í Henglinum hefur verið beisluð. Gangan hefst kl. 19:30 við Nesjavallavirkjun. Þátttaka er ókeypis og allir velkomnir. Leiðsögumaður er Almar Sigurðsson. Upplýsingar um gönguleiðir á Hengilssvæðinu eru á vef OR, www.or.is/ganga.



Með notkun hitaveitu í stað olu til húshitunar er losun mengandi efna í andrúmsloftið hverfandi lítil.

www.or.is

Þyrla og flugvél rákust á yfir Hudson-fljóti í New York í gær:

## Níu manns létust í New York

**ITALÍA, AP** Níu manns létust síðastliðinn laugardag þegar þyrla og eins hreyfils flugvél rákust saman og féllu ofan í Hudson-fljótið í New York í Bandaríkjunum. Slysið varð skömmu eftir hádegi, en að sögn sjónarvotta rakst hægri vængur flugvélarinnar í þyrluna með þeim afleiðingum að þær hröpuðu báðar í ána.

Fimm lík hafa fundist og búið er að ná braki þyrlunnar upp úr ána, og búið er að staðsetja flugvélin á botni árinna. Fimm ítalskir ferðamenn voru um borð í þyrlunni auk flugmanns, en tveir farþegar voru um borð í flugvélinni, var annar þeirra barn, og flugmaður.

Flugmaður annarrar þyrlu sá flugvélin nálgast þyrluna og reyndi að vara flugmann þyrlunnar við. Ekkert svar barst hins vegar frá þyrlunni, en stuttu síðar rakst vængur flugvélarinnar utan í þyrluna. Bæði þyrlan og flugvélin féllu við það í ána.

Í janúar var stórrí farþegaþotu lent á Hudson-fljótinu eftir að vélin hafði misst afl í báðum hreyflum. Það þótti kraftaverki líkast að allir skyldu komast lífs af úr slysinu. Slysið á laugardag var á nánast sama stað og nauðlandingin í janúar.

- ag/peb



**HUDSON-FLJÓTIÐ** Þyrlan var dregin upp úr ána í gær og búið er að staðsetja flugvélin. Borgarstjóri New York-borgar lýsti slysinu sem svo að ómögulegt hefði verið að lifa þá af.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# SJÓNVARPSTILBOÐ

TOPP MERKI Á FRÁBÆRU VERÐI



TOSHIBA



### Toshiba 37RV555DG

37" LCD BREIÐTJALD með 1920x1080p upplausn, stafrænum DVB-T móttakara, Full HD Progressive Scan, 100 Hz, 18.000:1 skerpu, 24 FPS, 3D Digital Comb Filter, Luma Sens, Game Mode fyrir leiki, 20w (RMS) Nicam Stereó SRS WDW, 3x HDMI, 2x Scart, Component, RGB, Audio, Optical Digital, Sub-wofeer, heymartólstengi ofl.

TILBOÐ ▶ 159.990

FULLT VERÐ kr. 249.990

### Toshiba SDP120AKTE

12" LCD BREIÐTJALD með innbyggðum DVD spilara sem spilar MP3, WMA, DivX, JPEG, kortalesara (SD/MMC/MS), Analog TV móttakara, Virtual Audio Surround hátölurum, AV, HDMI, Component, Optical og heymartólstengi ofl. 3ja tíma rafhlæða.

TILBOÐ ▶ 39.990

FULLT VERÐ kr. 49.990



TOSHIBA

INNBYGGÐUR  
DVD SPILARI

### Toshiba 19DV555DG

19" LCD Sjónvarp með innbyggðum DVD spilara, HD-READY, 1440x900 punkta upplausn, stafrænum DVB-T móttakara, HD-Ready, HDMI, Component, Composite & Scart, Digital Coaxial, CF, heymartólstengi ofl.

TILBOÐ ▶ 79.990

FULLT VERÐ kr. 94.990



TOSHIBA

### Toshiba 26AV605PG

26" Active Vision LCD BREIÐTJALD með 1366x768 punkta upplausn, HD-Ready 720p, Digital Noise Reduction, 10w RMS Nicam Stereó Bass Boost, 2x HDMI, 2x Scart, Component, Composite & Audio, PC (VGA), S-Video og heymartólstengi ofl.

TILBOÐ ▶ 99.990

FULLT VERÐ kr. 124.990



TOSHIBA

### Toshiba 32AV500PG

32" LCD BREIÐTJALD með 1366x768 upplausn, Progressive Scan, 20.000:1 dýnamískri skerpu, Active Vision LCD, 2x Scart, 2x HDMI, Component & Composite, Audio-in, heymartólstengi ofl.

TILBOÐ ▶ 119.990

FULLT VERÐ kr. 139.990



DynaPiX JVC

### JVC LT32DY8

32" DynaPix LCD BREIÐTJALD með 1366x768 p. uppl., DynaPix, HD Ready, 1.200:1 skerpu, 8ms svartíma, Digital Comb Filter, innb. DVB-T mótt., 24w Nicam Stereó með 3D Cinema Sound, 2 Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, CVBS, VGA, heymartólstengi, textavarp ofl.

TILBOÐ ▶ 129.990

FULLT VERÐ kr. 159.990



Panasonic

### Panasonic TXP42C10

42" Vreal 4 Plasma BREIÐTJALD með 1024x768 punkta uppl., 100Hz, 24p Playback, x.v Colour, Real Black Drive 20.000:1 skerpu, 3D Colour, Sub Pixel Control, HD Ready, Viera Link, háskerpu DVB-T stafr. móttakara (MPEG4), SD/SDHC kortalesara, 2 x Scart (með RGB), 2 HDMI (1.3), Component, CI rauf, SVHS, CVBS ofl.

TILBOÐ ▶ 229.990

FULLT VERÐ kr. 249.990



SUPER SLIM  
OFURPUNNT

JVC

MAXX

DynaPiX

### JVC LT42DS9

42" DynaPix Full HD LCD BREIÐTJALD Super-Slim (bykk: 7,4 sm) með 1920x1080 punkta upplausn, HD Ready, 7.500:1 skerpu, innb. digital DVB-T mótt., 20w RMS MaxxBass Nicam Stereó, 2 Scart (með RGB), 3 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heymart., textav. ofl.

TILBOÐ ▶ 279.990

FULLT VERÐ kr. 329.990



PHILIPS

### Philips 47PFL5604H

47" Full HD 1080p 16:9 LCD BREIÐTJALD með 1920x1080 punkta upplausn, Pixel Plus HD, Dýnamískri 50000:1 skerpu, 5ms svartíma, stafrænum DVB-T móttakara, USB, VGA (PC) tölvutengi, 2x Scart, 3x HDMI & RCA, S-Video, S/PDIF, Audio L/R, Component, heymartólstengi ofl.

TILBOÐ ▶ 299.990

FULLT VERÐ kr. 379.990



JVC

DynaPiX

### JVC LT47DV88G

47" Full HD 1080p DynaPix HD og D.I.S.T. LCD BREIÐTJALD með 1920x1080 punkta upplausn, 100Hz Clear Motion Drive II, HD Ready, 5.500:1 skerpu, innb. digital DVB-T mótt., 20w RMS MaxxBass Audio, 2 Scart (með RGB), 3 HDMI, Component, SVHS, CVBS, VGA ofl.

TILBOÐ ▶ 349.990

FULLT VERÐ kr. 429.990



# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • [www.sm.is](http://www.sm.is)

SanDisk  
MINNISKORT  
ALLAR GERÐIR

UMBODSMENN UM LAND ALLT ▶ REYKJAVÍKURSVAÐIÐ: Hagkaup, Smáralind, VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi, Hagkaup, Borgarnesi, Samkaup, Borgarnesi, Blómsturvellir, Hellissandi, Skipavík, Stykkishólmi, VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrimsfjarðar, Drangsnesi, Samkaup, Ísafirði, NORÐURLAND: KF Steingrimsfjarðar, Hólmavík, KF-Vínvetninga, Hvammstanga, Krákur, Blönduósi, Skagfirðingabúð, Sauðárkróki, Hagkaup, Akureyri, Heimilistæki, Akureyri, Öryggi, Húsavík, AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum, Kaupþún, Vopnafirði, Samkaup, Seyðisfirði, Sparkaup, Fáskrúðsfirði, Martólvan, Höfn Hornafirði, SUÐURLAND: Mosfell, Hellu, Fosswaf, Selfossi, Geisli, Vestmannaeyjum, REYKJANES: Tækniráð, Grindavík, Hagkaup, Njarðvík.



1. Eftir hvern er bókin *Matur og drykkur* sem var endurútgefin í síðustu viku?

2. Með hverjum vinnur Jógvan Hansen væntanlega plötu, þar sem hann syngur íslenskar dægurlagaperlur á færeysku?

3. Hvað á fyrirhugaður barnaskóli í gömlu Heilsuverndarstöðinni við Barónsstíg að heita?

SIÁ SVÖR Á SÍÐU 26

Sérstakur saksóknari tekur vel í boð breskrar efnahagsbrotadeildar um aðstoð:

## Opnar á marga möguleika

**DÓMSMÁL** Embætti sérstaks saksóknara vegna bankahrunins mun taka vel í boð bresku efnahagsbrotadeildarinnar, Serious Fraud Office (SFO), um aðstoð við rannsókn á íslenskum fyrirtækjum í Bretlandi, segir Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari.

Boð um aðstoð hefur ekki borist, en SFO hefur sent Evu Joly, ráðgjafa sérstaks saksóknara, bréf þar sem óskað er eftir fundi. Ólafur staðfestir að Joly hafi verið í sambandi við fulltrúa SFO í nokkurn tíma til að undirbúa mögulegt samstarf.

„Við tökum þessu boði vel, það opnar á mjög marga möguleika,“



ÓLAFUR ÞÓR HAUKSSON



EVA JOLY

segir Ólafur. Það sé vel hugsanlegt að SFO geti aðstoðað, og því jákvætt að þessi möguleiki sé kominn upp.

Joly þekkir ágætlega til innan SFO, en einnig hafa verið þreif-

ingar í gangi varðandi mögulegt samstarf í gegnum íslenskan tengslafulltrúa hjá Europol, segir Ólafur.

Sagt er frá samskiptum SFO við Joly í frétt breska blaðsins Daily Telegraph. Þar kemur fram að fulltrúar SFO hafi sérstakan áhuga á málum tengdum Kaupþingi, til dæmis því hvort um markaðsmisnotkun hafi verið að ræða þegar hlutabréf í Kaupþingi voru seld breskum fjárfestum með lánum frá Kaupþingi.

Ekki náðist í Evu Joly í gær. Hún mun vera í sumarfrí, en er væntanleg hingað til lands í lok ágúst.

Lugu til um sprengjuhótun:

## Afgönum vísað frá Kína

**BEIJING, AP** Kínverskir fjölmiðlar greindu frá því í gær að afgönsk farþegaflugvél á leið til Xinjiang-héraðs í Kína hafi snúið aftur til Afganistans vegna sprengjuhótunar á flugvelli höfuðborgarinnar, Urumqi. Vélin var á leið frá Kabúl og var yfir Kyrgystan þegar hún þurfti að snúa til baka, en yfirvöld í Kyrgystan vilja ekki meina að um neina sprengjuhótun hafi verið að ræða, heldur hafi kínversk yfirvöld ekki viljað hleypa þeim inn í landið. Ekki liggur fyrir hver ástæðan var, en 197 manns létust í uppreisn sem átti sér stað vegna kynþáttamisréttis í Urumqi í síðasta mánuði.

Framkvæmdir í friðlandi:

## Hús reist að Höfn í Hornvík

**FERÐAÞJÓNUSTA** Umhverfisstofnun hefur fengið heimild landeigendafélagsins Hafnarbáss til að setja upp færnanlegt þjónustuhús að Höfn í Hornvík á Hornströndum og gildir heimildin til 30. september 2011. Að þeim tíma liðnum verður farið yfir stöðuna og ákveðið hvort húsið muni standa áfram.

Í húsinu verður aðstaða fyrir landvörð og tvö salerni. Vaskar verða fyrir utan til uppvöskunar og handþvotta. Sett verður upp upplýsingaskilti á svæðinu, annars vegar almennar upplýsingar til ferðamanna og hins vegar skilti með náttúrufarsupplýsingum.

Samningur um húsið var lagður fram í umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar í síðustu viku og benti hún á að sækja þarf um byggingarleyfi fyrir framkvæmdinni.

### ERLENT

#### Sterkur jarðskjálfti í Japan

Sterkur jarðskjálfti, 6,9 á Richter, skók höfuðborg Japans og nærliggjandi svæði í gær. Engan sakaði í skjálftanum og ekki var vitað um neitt tjón á mannvirkjum.

#### Lögreglumenn drepnir

Lík fjögurra pakistanskra lögreglumanna fundust í suðvesturhluta landsins í gær. Tólf lögreglumenn hafa verið drepnir á svæðinu í þessum mánuði. Mönnunum hafði verið rænt og aðskilnaðarsamtök í Baluchistan-héraði segjast bera ábyrgðina.

#### Clinton í Angóla

Hillary Clinton, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, hvatti í gær ráðamenn í Angóla til að halda áfram umbótum í landinu. Clinton er á för um Afríku um þessar mundir og er nú í Angóla.



Á FLÓTTA FRÁ BÚRMA Í júní síðastliðnum fór þessi hópur Karena frá Búrma til Taílands.

NORDICPHOTOS/AP

# Risastórarar virkjanir hrekja fólk úr landi

Umdeild virkjunaráform í Búrma ógna bæði Karenþjóðinni og umhverfi árinnsar Salvín. Taílendirar hvattir til að slíta samstarfi við Búrma um virkjun og raforkukaup. Taílendirar mega búast við flóttamannastraumi frá Búrma.

**BÚRMA, AP** Áform stjórnvalda í Búrma um að reisa tvær stórar stíflur ógna fólk af Karenþjóðinni, sem í meira en sex áratugi hefur barist fyrir stofnun sjálfstæðs ríkis við landamæri Taílands.

Jafnt mannréttindasamtök sem umhverfissamtök hvetja stjórnvöld í Taílandi, og reyndar einnig í Kína, til að hætta við þátttöku í þessum virkjanafurkvaðum.

Kínversk og taíensk fyrirtæki munu taka þátt í framkvæmdunum, en orkan verður að mestu seld til Taílands.

Endanleg ákvörðun hefur þó ekki verið tekin, en búist er við að skrifstofa forsætisráðherra Taílands sendi frá sér skýrslu síðar í mánuðinum.

Salvínfljót er 2.400 kílómetra

langt og á upptök í Kína, þar sem það heitir Nú, en rennur síðan í gegnum Búrma, að hluta meðfram landamærunum að Taílandi. Stíflurnar tvær, Hatgyi og Tasang, eru á landssvæði þar sem Karenar búa. Tasang-virkjunin yrði ein sú stærsta í Suðaustur-Asíu, með framleiðslugetu upp á rúmlega sjö þúsund megavött, en Hatgyi-virkjunin á að geta framleitt 1.360 megavött.

Árið 2007 var formlega hafist handa við Tasang-stífluna, en framkvæmdum var síðan frestað og hafa enn ekki hafist.

„Bygging stíflnanna nú myndi valda gríðarlegu umhverfistjóni, auk þess sem Karenþjóðin færir á vergang,“ sagði David Tarckabaw, varaforseti Þjóðarbandalags Karena, stjórnmaálafls sem jafn-

framt rekur eigin uppreisnarher. „Þúsundir gætu flúið yfir til Taílands.“

Karenar eru rúmlega sjö milljón manna þjóð, sem hefur áratugum saman sætt ofsóknum af hálfu herforingjastjórnarinnar í Búrma. Stjórnin hefur eflt mjög herafila á svæðinu, einkum á stöðunum þar sem virkja á. Ásakanir hafa borist um að hermennirnir brjóti mannréttindi á íbúnum, meðal annars hafi hundruðum kvenna verið nauðgað í nágrenni hinnar fyrirhuguðu Tasang-stíflu.

Um hálf milljón manna hefur þegar hrakist frá heimilum sínum á þessum slóðum, bæði vegna virkjanáformna og vegna almennra átaka á svæðinu. Reglulega fara hópar fólks yfir landamærin til Taílands. [gudsteinn@frettabladid.is](mailto:gudsteinn@frettabladid.is)

## Golfmót VM

VM-mótið í golfi verður haldið að Öndverðarnesi föstud. 14. ágúst kl. 14

Mótið er fyrir félagsmenn VM og má hver félagsmaður bjóða með sér einum gesti. Mótsgjald er 5000 kr. fyrir hvern þátttakanda. Matur innifalinn í þáttökugjaldinu.

Umsjónarmenn mótsins eru:

Guðmundur Helgi Þórarinnsson, Ragnar Halldórsson og Steingrímur Haraldsson.

Nánari upplýsingar um skráningu og fleira á heimasíðu VM [www.vm.is](http://www.vm.is)



Félag vélstjóra og málmæknimanna

VM ▶ Stórhöfða 25 ▶ 110 Reykjavík ▶ sími 575 9800 ▶ [www.vm.is](http://www.vm.is)

Landsliðsmaður festur á filmu ölvaður og dansandi Macarena:

## Knapi rekinn úr landsliðinu

**HESTAR** Kynbótaknapi Þórður Þorgeirsson hefur verið rekinn úr landsliði íslenskra hestamanna vegna agabrots. Þórður náðist á myndband ölvaður og dansandi, meðal annars dansinn Macarena.

Þórður átti að sitja stóðhestinn Kjarna í yfirlits-sýningu um helgina. Liðsstjórinn Einar Öder Magnússon sagði í viðtali við Hestafréttir að brot Þórðar hefði verið óafsakanlegt og hestamennskunni til vansa.

Þórður hefur sagt að með brottrekstrinum hafi verið brotið gróflaga á honum. Hann hyggist ræða við lögfræðinga og gefa síðan frá sér yfirlýsingu síðar í vikunni.

- sh

**ÞÓRÐUR ÞORGEIRSSON** Segir að brotið hafi verið á sér með brottrekstrinum. [FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON](http://frettabladid/anton)





# Skólinn byrjar á ný



Hægt er að nálgast bækling með  
upplýsingum um klæðnað fyrir skólann  
í verslunum 66°Norður og á netinu.

Verslanir: Bankastræti 5, Faxafen 12, Kringlan, Smáralind,  
Miðhraun 11, Glerártorg og Glerárgata 32 á Akureyri

[www.66north.is](http://www.66north.is)

Klæddu þig vel





**MINNINGARSTUND** Georgísk kona kveikir á kerti í kirkju í Georgíu til að minnast hermanna sem féllu í átökum við Rússland fyrir ári. NORDICPHOTOS/AFP

Seðlabankastjóri og ráðherrar höfðu ekki þekkingu til að koma í veg fyrir hrun:

## Lítil ríki leiti til erlendra aðila

**EFNAHAGSMÁL** Smæð Íslands var trúlega ein af aðalástæðunum fyrir því að ekki tókst að koma í veg fyrir efnahagshrunið. Þetta segir Anne Sibert, sem sæti á í peningastefnu-nefnd Seðlabanka Íslands, í grein sem birt var á hagfræðivefnum Vox um helgina.

Sibert segir smæð landsins valda því að erfitt geti verið að ráða hæfa sérfræðinga til starfa fyrir hið opinbera, og opinberir starfsmenn þurfi að sinna svo fjölbreyttum verkefnum að þeir nái ekki að sérhæfa sig nægilega mikið.

Vegna þessa er mikilvægt fyrir smá ríki að vera óhrædd við að leita til erlendra sérfræðinga þegar sér-

Það er mun erfiðara fyrir háttsetta embættismenn að ferðast til nágrannaríkis ef þeir búa á afskekktu eyju en ef þeir búa í Lúxemborg.

**ANNE SIBERT**  
HAGFRÆÐINGUR  
Fræðipækking er ekki til staðar hér á landi, segir Sibert.

Það hafi ríkisstjórnin raunar gert þegar Svein Harald Öygard hafi verið ráðinn seðlabankastjóri,



og þegar Eva Joly hafi verið fengin til að aðstoða sérstakan saksóknara vegna bankahrunsins.

Finnist ekki sérfræðingar sem séu hæfir til að fara með yfirstjórn bankakerfisins hér á landi ættu íslensk stjórnvöld að ráða erlenda sérfræðinga til starfa, segir Sibert. Skattleggja megi bankana til að fjármagna ráðningu þeirra.

Sibert gagnrýnir einnig ráðningu Davíðs Oddssonar í embætti seðlabankastjóra og segir hann ekki hafa haft þá þekkingu á efnahagsmálum og bankakerfinu sem hafi þurft til að koma í veg fyrir hrun. Sama megi segja um þáverandi forsætisráðherra og fjármálaráðherra. - bj

Saksóknarastörf auglýst:

## Óvissu um embættið eytt

**STJÓRNÝSLA** Stöður þriggja saksóknara sem starfa eiga undir sérstökum saksóknara vegna bankahrunsins hafa verið auglýstar. Dómsmálaráðherra mun skipa í stöðurnar eigi síðar en 1. október næstkomandi.

Erfiðlega gekk að fá hæfa umsækjendur þegar embætti sérstaks saksóknara var auglýst, og þurfti að auglýsa það tvisvar áður en Ólafur Þór Hauksson var skipaður. Ólafur segist reikna með að betur gangi að fylla þessar stöður þriggja undirmanna hans. Talsverð óvissa hafi verið um embættið í upphafi, sem nú hafi verið eytt. - bj

### LÖGREGLUFRÉTTIR

#### Kveikt í borðum

Erilsamt var hjá lögreglunni í höfuðborginni í fyrrinótt en ekkert alvarlegt atvik kom þó upp. Kveikt var í nokkrum borðum á torgi milli Laugavegar og Hverfisgötu og var slökkvilið kallað á vettvang til að slökkva eldinn.

#### Andleg ró á Fiskideginum

Á hátíðinni Fiskideginum mikla á Dalvík kom ekkert alvarlegt atvik upp, að sögn lögreglu. Tvö smávægileg fíkniefnamál komu upp og var annar þeirra sem fíkniefnin bar sendur í fangaklefa til Akureyrar. Þá var nokkuð um smápústra, en almennt var sem andleg ró einkenndi þá tugi þúsunda gesta sem sóttu hátíðina.

#### Fríðsamt Sumar á Selfossi

Lögregla þurfti lítið að hafa afskipti af gestum á hátíðinni Sumar á Selfossi um helgina. Einn maður var tekinn fyrir ölvunarakstur en að öðru leyti gekk hátíðin mjög vel fyrir sig.

Páfinn fordæmir helförina:

## Segir útrýmingar- arbúðirnar helvíti á jörðu

**ITALÍA, AP** Benedikt XVI. páfi hélt ræðu í Castel Gandolfo á Ítalíu á sunnudag, þar sem hann sagði að útrýmingar-  
búðir nasista væru ýkt tákn illsku og helvíti á jörðu. Hann sagði þær dæmi um hvernig helvíti kæmi fram á jörðu þegar menn gleymdu guði og tækju sér vald til að dæma sjálfir hvað sé rétt og rangt og gefa og taka líf.

Benedikt heimsótti útrýmingar-  
arbúðirnar í Auschwitz á ferð sinni um Pólland í maí 2006. Þá sagðist hann heimsækja búðirnar sem afkomandi Þjóðverja og spurði guð hvers vegna hann hefði þagað þegar fjöldamorðin stóðu yfir í helförinni.

- þeb



**LITRÍK GANGA** Gleðigangan var sú stærsta til þessa, með 35 skipulögðum atriðum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNPÓR



**Í BÚNING** Fjöldi fólks mætti uppáklætt í gleðigönguna á laugardaginn.

**FLOTTIR SAMAN** Jónsi í Sigur Rós og kærasti hans, Alex Somers, létu sig ekki vanta í gleðigönguna.

### Dreifnám með nýju sniði

#### Spennandi dreifnám í Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ

Á haustönn 2009 verður boðið upp á dreifnám í Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ. Dreifnámið verður með nýstárlegu sniði þar sem nemendur stunda námið í gegnum kennslukerfi skólans og býðst einnig að koma í skólann í kennslustundir eða verkefnatíma. Dreifnámið er því í raun blanda af fjarnámi og dag-skólanámi þar sem hver nemandi skipuleggur nám sitt í samráði við kennara.

Námsframboðið miðast við ný lög um framhaldsskóla frá 2008 og eftirfarandi áfangar verða í boði á haustönn 2009 (allt fyrstu áfangar í framhaldsskóla):

- DAN2A05 – fyrsti áfangi í dönsku
- ENS2A05 – fyrsti áfangi í ensku
- FÉL1A05 – fyrsti áfangi í félagsfræði
- ÍSL2A05 – fyrsti áfangi í íslensku
- STÆ1U05 – undirbúningsáfangi í stærðfræði
- STÆ2A05 – fyrsti áfangi í stærðfræði
- UMF1A05 – grunnáfangi í umhverfisfræði

Nánari upplýsingar má fá á skrifstofu skólans í Brúarlandi, á vef skólans, [www.fmos.is](http://www.fmos.is) eða í síma 864-9729.

Skólameistari

## Metfjöldi í gleðigöngu

Um áttatíu þúsund manns voru í miðborg Reykjavíkur á laugardaginn í tengslum við gleðigöngu Hinsegin daga en gangan var sú fjölmennasta til þessa. Arnþór Birkisson, ljósmyndari Fréttablaðsins, fangaði stemninguna.

**FÓLK** Alls voru 35 skipulögð atriði í gleðigöngu Hinsegin daga á laugardaginn. Gangan fór frá Hlemmi klukkan 14 og lauk á Arnarhóli þar sem fjöldi listamanna tróð upp, en þar á meðal voru Friðrik Ómar, Regína Ósk, Hera Björk, Páll Óskar, Haffi Haff, Elektra og Dúkkulísurnar.



**ELDUR** Meðal þess sem sjá mátti í göngunni var þessi eldgleypir.



**GLAÐIR Í GLEÐIGÖNGU** Ómar Ragnarsson keyrði minnsta bíl landsins í göngunni, eins og hann hefur gert undanfarin ár.



Upplýsingar og skráning:  
544 4500 / [www.ntv.is](http://www.ntv.is)

# ALÞJÓÐLEGIR MÖGULEIKAR

## TÆKNINÁM OG BRAUTIR NTV OPNA NÝJAR LEIÐIR

### **Kerfisumsjón** - 180 stundir - Verð: 249.000.-

Nám fyrir þá sem vilja hasla sér völl sem kerfisumsjónarmenn hjá minni fyrirtækjum og stofnunum. Allar kennslugreinar eru kenndar frá grunni og er rétt að gera ráð fyrir nokkurri heimavinnu.

| Morgunnámskeið byrjar 17. ágúst | Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 7. september |

### **Tölvuviðgerðir** - 72 stundir - Verð: 110.000.-

Nám fyrir þá sem vilja hasla sér völl á viðgerðarsviðinu. Verklegur undirbúningur fyrir A+ gráðurnar frá Comptia. Eftir námið eiga nemendur að vera í stakk búnir til að uppfæra, bilanagreina og gera við tölvubúnað, ásamt því að setja upp viðeigandi stýrikerfi og koma tölvum í netsamband. Kenni í sérútbúinni tölvuviðgerðarstofu.

| Morgunnámskeið byrjar 17. ágúst | Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 7. september |

### **MCITP (áður MCSA)** - 185 stundir - Verð: 319.000.-

MCITP námið er fyrir þá sem vilja starfa sem sérfræðingar við umsjón Microsoft netkerfa. Markmiðið með náminu er að nemendur læri undirstöðuatriði við rekstur og hönnun netkerfa byggðum á Windows stýrikerfinu og geti að náminu loknu tekið þau þrjú alþjóðlegu próf sem þarf til að verða: Microsoft Certified Server Administrator.

| Morgunnámskeið byrjar 1. september | Eftirmiðdagsnámskeið byrjar 31. ágúst |  
| Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 1. september | Helgarnámskeið byrjar 5. september |

### **MCTS og Network+** - 108 stundir - Verð: 139.000.-

Markmiðið með þessu námskeiði er að nemendur öðlist færni og kunnáttu til að setja upp og hafa umsjón með tölvum sem keyra á Windows Vista stýrikerfinu. Nemendur öðlast einnig viðtækan skilning á netkerfum og geta leyst vandamál sem að þeim snúa. Auk þess er kynntur fyrir nemendum Windows 2008 Server. Að námskeiði loknu á nemandi að geta séð um rekstur minni eða meðalstórra tölvuneta.

| Morgunnámskeið byrjar 17. ágúst | Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 5. október |

### **MCDST** - 53 stundir - Verð: 208.000.-

Microsoft Certified Desktop Support Technician. Gráðan er kjörin fyrir þá sem vilja afla sér þekkingar á að þjónusta notendur XP stýrikerfisins, bæði við uppsetningu, keyrslu og villuleitun á stýrikerfinu.

| Dagnámskeið byrjar 16. nóvember |

### **Kerfisstjórinn** - 365 stundir - Verð: 509.000.-

Nám fyrir þá sem vilja hasla sér völl sem kerfisstjórar hjá fyrirtækjum og stofnunum. Nemendur öðlast viðtækan skilning á uppsetningu netkerfa, viðgerðum og bilanagreiningu á almennum vélbúnaði og uppsetningu stýrikerfa.

3 alþjóðleg próf innifalin: „Microsoft Certified Server Administrator“

| Morgunnámskeið byrjar 17. ágúst | Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 7. september |

### **Cisco CCENT/CCNA** - 49 stundir - Verð: 175.000.- / 185.000.-

CCNA gráðunni hefur verið skipt í tvennt, annars vegar undirbúningur fyrir CCENT prófið ICND1 og svo hins vegar fyrir CCNA eða ICND2 sem gefur þér CCNA ef þú ert með ICND1

Þeir sem eru byrjendur geta byrjað á CCENT, fengið þá gráðu og séð svo til hvort þeir vilja halda áfram. Þeir sem telja sig hafa góða reynslu geta þá farið beint í CCNA og tekið það á styttri tíma

| Kvöld- og einn laugardagur - byrjar 15. september |

### **Diplomanám í forritun** **NYTT!** - 286 stundir - Verð: 469.000.-

Í náminu er leitast við að leggja traustan þekkingargrunn og byggja ofan á hann með skriflegum og verklegum æfingum. Námið byggir að miklu leyti á stöðluðum námskeiðum frá Microsoft og eru 3 alþjóðleg próf innifalin í verði námskeiðsins.

| Kvöldnámskeið byrjar 31. ágúst | Síðdegisnámskeið byrjar 31. ágúst |

### **Stytttri sérfræðinámskeið**

NTV býður upp á fjölda sérfræðinámskeiða í samstarfi við Opin Kerfi og verða þau auglýst á vef NTV með góðum fyrirvara.

**Atvinnulausir fá 25% styrk frá NTV af auglýstu staðgreisluverði**

OPIN KERFI

Microsoft  
CERTIFIED  
Partner Learning Solutions

PEARSON  
VUE  
TECHNOLOGIES

ECDL

PROMETRIC



**INNTRITUN FYRIR HAUSTÖNN STENDUR YFIR**

NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN - VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI - HLÍÐASMÁRA 9 : KÓPAVOGI : SÍMI 544 4500 : WWW.NTV.IS

**ntv**

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Jörð er sviðin eftir útpenslustefnu viðskiptanna:

## Þeir telja sig enn hafa verið klára

BJÖRN ÞÓR SIGBJÖRNSSON

Þeir fáu menn sem héldu um flesta þræði íslensks viðskiptalífs þar til það hrundi með látum haustið 2008 virðast enn standa í þeirri trú að þeir hafi ekki gert neitt rangt. Þvert á móti virðast þeir trú að þeir hafi gert allt rétt. Einhverju öðru sé um að kenna hvernig fór. Vinsælast er að kenna Seðlabankanum og alþjóðlegri efnahagslægd um ófarirnar.

Til að komast að slíkri niðurstöðu í einlægni hljóta menn að þurfa að búa yfir alveg sérstakri tegund af sjálfsblekkingu. En líklegra er að viðkomandi viti betur en eigi erfitt með að viðurkenna mistök sín fyrir sjálfum sér og öðrum.

*Allt var keypt fyrir lánsfé. Meira að segja menn sem áttu peninga tóku heldur lán til fjárfestinga en að nota aurinn sinn.*

Ekki stendur steinn yfir steini í banka- og fjármálakerfinu. Þar sem tilteknir menn fóru um er nú sviðin jörð. Samt segja þeir sjálfir að þeim hafi gengið gott eitt til og verið bara alveg ótrúlega flottir og klárir.

Á Viðskiptaþingi árið 2000 gagnrýndi Sigurður Gísli Pálmason, sem þá var forstjóri Hagkaupa, nýja siði í viðskiptalífnum. „Í mínu ungðæmi þótti góð búmennska að hafa borð fyrir báru. Ég sef ekki rölegur á nóttunni, ef skuldir hlaðast upp án þess að tekjur og eignir aukist hraðar á móti,“ sagði Sigurður. Hann bjó að ráðdeild föður síns, Pálma Jónssonar.

Nýja módelið var öðru vísi. Samkvæmt því var best að skulda sem mest. Allt var keypt fyrir lánsfé. Meira að segja menn sem áttu peninga tóku heldur lán til fjárfestinga en að nota aurinn sinn.

Og allt þurfti að stækka. Án sérstakrar innstæðu fyrir vexti voru fyrirtæki belgd út. Þau voru stækkuð stækkunarinnar vegna. Velgengni var mæld í magni en ekki gæðum.

Ekkert var látið í friði. Allt var verðmerkt. Hús var ekki lengur hús heldur hagnaðartækifæri. Það mátti kaupa, rífa, byggja nýtt og selja aftur.

Vart þarf að taka fram að í gerviheiminum sem þessir menn sköpuðu utan um viðskiptalífið voru þeir sem ekki gengu í sama takti látnir fara. Ekki var þörf fyrir aðferðirnar sem þeir Pálmi og Sigurður Gísli beittu í sínum rekstri og þóttu boðlegar lengi vel.

En nú er hugmyndafræði þessara manna gjaldþrota – alveg eins og fyrirtækin sem þeir stýrðu. Eftir situr íslenskur almenningur með ótrúlegar skuldir og í nagandi óvissu um framtíðina. Sökum viðskiptahátta fárra munu lífsgæði heillar þjóðar skerðast. Skólastarf verður ekki jafn gott og áður, heilbrigðiskerfið verður verra og svo má áfram telja. Þar sem ekki verður stöðnun verður afturför. Engin framþróun verður á næstu árum.

Það er síðra að þeir sem héldu um stjórntauma í bönkunum og fjárfestingarfélögunum gangist ekki við að eiga sök á þessu ástandi en svo verður bara að vera. Þeim er jú frjálst að hafa sínar skoðanir og þyki þeim gott að benda á Davíð og Bandaríkin þá þeir um það.

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUFLAÐI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Jón Kaldal [jk@frettabladid.is](mailto:jk@frettabladid.is) AÐSTOÐARITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir [steinunn@frettabladid.is](mailto:steinunn@frettabladid.is) Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



Kæri þingmaður

Afstada þin mun aldrei gleymast í Icesave deilunni

KJÓSTU GEGN RÍKISÁBYRGÐ

Áhugasökum um framtíð Íslands

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Hvað eru slæmar fréttir?

Formaður rannsóknarnefndar Alþingis um bankahrunið fékk talsverða athygli í fréttum helgarinnar vegna þeirra orða sinna að líklega hefði engin nefnd nokkru sinni þurft að færa þjóð sinni eins slæmar fréttir og hún mun líklega gera í nóvember. Einhverjir klóruðu sér þó í kollinum yfir þessum orðum og þótti innihald þeirra heldur óljóst. Hvort teljast til dæmis verri fréttir; að nefndin reki hrunið til stórfelldrar óráðsju, glæfra, glæpa og síðuleysis íslenskra auðjöfra og stjórnmálanna, eða frasakennt móð

um að engum sé sérstaklega um að kenna, hér hafi bara samspil ýmissa þátta komið okkur í illviðráðanlegar aðstæður? Dæmi hver fyrir sig.

#### Toppa þau Svavar?

Miðað við ólguna sem Icesave-málið hefur vakið í samfélaginu er víst að mörgum finnst Páll Hreinsson og félagar eflaust eiga ærið verkefni fyrir höndum, ætli þeir að toppa þær fréttir samninganefndar Svavars Gestssonar að Íslendingar hafi handsalað samkomulag við Breta og Hollendinga um að greiða þeim á sjöunda hundruð milljarða króna á næstu árum.



#### Hátíð umburðarlyndisins

Gay Pride-hátíðin í ár var með allra glæsilegasta móti og það er sannarlega gleðiefni að metfjöldi hafi ákveðið að fagna fjölbreytileika mannlífsins í miðbænum á laugardaginn. Það skaut hins vegar óneitanlega dálítið skökku við að heyra annan kyninn á sviðinu við Arnarhól lýsa eftir týndri stúlku að ósk móður hennar, en brýna jafnframt fyrir barninu að á leiðinni að sviðinu mætti það alls ekki tala við útlendinga. Meðal áhorfenda heyrðist hvíslað að það væri kannski þörf á annarri umburðarlyndishátíð.

stigur@frettabladid.is

## Stundum erfið ást

Það er ekki aðeins á Íslandi sem umræður um Evrópusambandið taka iðulega á sig sérkennilega óskýrar myndir. Ein ástæðan fyrir þessu er vafalítið sú að ekki er óalgengt að menn hafi mjög mót-sagnakennda afstöðu til fyrirbærisins. Þannig er furðu algengt að einn og sami maður sé sannfærður um að ESB sé að verða risaveldi sem ógnar því litla sjálfstæði sem ríki álfunnar njóta og um leið er hann viss um að sambandið virki ekki og sé að hruni komið. Önnur ástæða þess að umræða um mál-efni álfunnar taka iðulega á sig undarlegar myndir er sú að þrátt fyrir áratuga samrunaferli er umræðan um ESB gerólík frá einu landi til annars. Umræðuefnið eru hreinlega ekki þau sömu. Mál sem eru til mju í einu landi eru tæpast nefnd í öðru. Í sumum tilvikum er umræðan gerólík innan svæða í Evrópu, ekki aðeins á milli þeirra. Og svo bætist við að umræðu- hefðin innan stjórnerkis ESB og á milli aðilarlanda þess er með þeim hætti að gera alla hluti sem flóknasta. Einhver kallaði það „Brusselaferðina“ við úrlausn deilumála að forðast kjarna málsins í lengstu lög, svona rétt eins og á Íslandi. Við gætum slegið í gegn í Brussel.

Sjálfur hef ég verið stuðningsmaður aðildar Íslands að Evrópusambandinu í 33 ár. Ég skrifaði mína fyrstu blaðagrein um þetta ekki löngu eftir stúdentspróf og þrátt fyrir mörg tilefni og nokkurt dálæti á því að skipta um skoðun hef mér aldrei tekist að losna við þessa sannfæringu. ESB er stórgallað eins og önnur mannanna verk en það er hins vegar heimssögulegt fyrirbæri sem hefur haft djúpstæð



JÓN ÖRMUR HALLDÓRSSON  
Í DAG | Ísland og ESB

áhrif á samvinnu manna utan þess og innan. Áhrifin eru meiri og víðtækari en flestir virðast telja en þversögnin er sú að ESB er líka fjær því að vera risaveldi en andstæðingar þess virðast álíta. Þarna kemur til munurinn á valdi, áhrifum, viðmiðum og gildum.

Frá degi til dags eru fréttirnar oft lítið uppörvandi fyrir einlæga Evrópusinna. Nýjasta tilefni velvildar-manna ESB til að örvænta um sambandið er umræðan sem nú á sér stað víða um álfuna um sameiginlega utanríkisstefnu sambandsins og tvö ný embætti sem Lissabon-sáttmálinn gerir ráð fyrir. Þetta eru embætti eins konar utanríkisráðherra ESB og eins konar forseta leiðtoga ríðs sambandsins. Fram til þessa hefur umræðan öðru fremur snúist um hvort Tony Blair verði fyrsti eins konar forseti ESB. Blair er einhver umdeildasti stjórnma- laður Evrópu og fráleitir fram- bjóðandi til starfsins nema fyrir tengsl sín í Washington. Þetta er þó ekki þá undarlegasta við þessa umræðu. Það sem er öllu alvarlegra við hana er að fátt liggur fyrir um völd og áhrif þessara nýju embætta og nánast ekkert um hvernig koma eigi í veg fyrir að þau séu sífellt að þvelast hvort fyrir öðru. Sáttmálinn er eins og uppskrift að endalaus-

um núningi og átökum á milli embætta sem eiga að vinna að því að samræma stefnu nær þrjátíu ríkja í ólíkustu greinum alþjóðamála.

Núverandi kerfi þar sem ríkin skiptast á um forustu hefur marga stóra galla en það hefur líka kosti, sérstaklega fyrir minni ríki sem oftast leggja mikið á sig til að ná árangri og gera það yfirleitt með því að þetta samstarfsnet sín innan og utan Evrópu.

Þessi umræða hefur heldur ekki leitt til merkilegra skoðana- skipta um stöðu Evrópu í heiminum. Sá hluti hennar virðist raunar einna fjarlægastur veruleikanum. Hlutfallslegur herstyrkur Evrópu minnkar ört þessi árin. Í Asíu er hafið vígbúnaðarkapphlaup sem mun, svo dæmi sé tekið, fljótlegra gera indverska flotann öflugri en þann breska að ekki sé talað um mun meiri og ört vaxandi her- styrk Kína og viðbrögð Japana við honum. Um leið er Evrópa hins vegar risaveldi þegar kemur að áhrifum á hundruð ólíka hluti sem snerta kjör og aðstæður jarðarbúa og þeir láta sig miklu varða. Um það er minna talað en hernaðarmátt sem er veikari en menn vilja yfirleitt viðurkenna, gamalt og úrelt atkvæðavægi í alþjóðastofnunum, ýmis konar tákmyndir valds sem eitt sinn var og nýja uppdætti að heimsskipan sem verða úreltir hraðar en evrópskir stjórnma- lamen ná að ræða þá. Eins konar forseti er ekki aðeins óþarfur heldur býr slíkt embætti til ímynd þess sem margir óttast í Evrópu, sam- þjöppun valds. Evrópusambandið er valdalítið en áhrifamikilið risa- veldi og þannig á það að vera hvort sem menn líta þar inn fyrir dyr eða á stöðu þess í heiminum.

## Uppgjöf Fréttablaðsins

### UMRÆÐAN

Ögmundur Jónasson skrifar um Icesave-samningana

Dauff var yfir leiðarásíu Fréttablaðsins á laugar- dag. Uppgjafartónn í leiðara, og litlu betri var Þorsteinn Pálsson, fyrrverandi ritstjóri Fréttablaðsins, sem virðist helst sjá það aðfinnsluvert í íslenskum stjórnmálum að ríkisstjórnin skuli „sitja uppi“ með „andóf og tafleiki“ af hálfu nokkurra stjórnarþingmanna og ráðherra í Icesave-málinu. Þar er m.a. átt við undirritaðan.

Steinunn Stefánsdóttir kallar leiðara sinn „Það er búið sem búið er“. Þar er viðkvæðið svipað og hjá Þorsteini, búið sé að semja og síðan er því slegið fram að „hver dagur“ sé dýr sem líði án þess að gengið sé frá ríkisábyrgð á Icesave-samningnum. Hvers vegna skyldi hver dagur vera dýr? Vegna þess að okkur séu ella allar bjargir bannaðar hér innanlands og vegna tafa á gjaldeyrisslunum. En hversu mikill á gjaldeyrisslunum að verða og hve mikils er til kostandi? Eru þau Steinunn og Þorsteinn sammála Alþjóðdagjaldeyrissjóðnum um að þessi þrjú hundruð þúsund manna þjóð þurfi 5,2 milljarða Bandaríkjadala forða, sem kemur til með að kosta okkur upp undir 20 milljarða kr. árlega í nettóvexti? Gæti dugað helmingi minna? Er ef til vill meira um vert í þröngri stöðu að leggja höfuð-



ÖGMUNDUR JÓNASSON

áherslu á lækkun vaxta og fara hægara í sakirnar með slökun gjaldeyrishafta? Ég sakna þess að fréttaskýrendur reyni að taka þátt í gagnrýninni umræðu og velti vöngum yfir valkostum Íslands.

En það krefst úthalds að gefast ekki upp, loka augunum; segja að við séum búin að fyrirgera öllum rétti okkar og verðum að leggja allt traust á AGS.

Staðreyndin er sú að enn höfum við ekki gengist í ríkisábyrgðina þótt sumir hafi verið til þess alþýnir að undirgangast hana án þess að gera minnstu til- raun til að kynna sér samninginn! Okkur ber skylda til að tryggja okkur eins vel og hægt er inn í framtíðina. Ef við leikum af okkur þá þurfum við að hafa styrk til að endurmeta stöðuna – svo lengi sem það er hægt.

Í Icesave-samningnum er okkur gert að greiða vexti frá síðustu áramótum af meintri skuld við Breta og Hollendinga enda þótt Evróputilskipun- in kveði ekki á um að slík kvöð vakni fyrr en undir júlilok. Þetta gera 100 milljónir á dag. Það munar um hvern dag Steinunn. Heilsugæslan á höfuðborg- arsvæðinu fékk 500 milljóna skuldabagga í arf út úr þenslutímanum. Það jafngjöldi vöxtum af Icesave yfir verslunarmannahelgina. Það getur orðið okkur dýrkeypt að búa við fjölmöla sem hafa ekki hug- rekki og staðfestu til að horfast í augu við vanda okkar og þora aldrei að endurmeta það sem gert er. Ég ætla að vona að menn gangi ekki til viðræðna við Evrópusambandið með þá uppgjöf í farteskínu sem birtist okkur í Fréttablaðinu sl. laugardag.

Höfundur er heilbrigðisráðherra.

# SPARI DAGAR

2009

## AEG

FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI

# 15% afsláttur

af AEG þvottatækjum,  
kæliskápum, ofnum,  
helluborðum, gufu-  
gleypum og ryksugum

LAVAMAT 62840 / 64840



### AEG ÞVOTTAVÉL

Tekur 6 kg af þvotti.

Öll hugsanleg þvottakerfi ásamt sérstöku sparnaðarkerfi. Tímaskjár sem sýnir framvindu þvottakerfa og eftirstöðvar þvottatíma. Þvottahæfni: A - Þeytívinduafköst: B Orkuflokkur: A+

• 1200 snúningar / mín.

LISTAVERÐ: 124.900,-

á Sparidögum:  
99.900,-

• 1400 snúningar / mín.

LISTAVERÐ: 134.900,-

á Sparidögum:  
109.900,-



## AEG

### AEG KÆLISKÁPAR

MIKIÐ ÚRVAL - MARGAR STÆRÐIR  
15% AFSLÁTTUR

## AEG

FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI

MEIRIHÁTTAR STÁLTÆKI  
Í ELDHÚSIÐ



• AEG OFN [B-3051-5-M]  
• AEG HELLUBORÐ [66030 K-M]  
• AEG VEGGHÁFUR [8060-D-M]

LISTAVERÐ: 270.700,-

á Sparidögum:  
189.900,-

ÞÚ SPARAR 80.800,- kr.

30%  
afsláttur



≈ 3 TÆKI  
= PAKKA ≈  
TILBOÐ =



POTTAR OG PÖNNUR  
20% AFSLÁTTUR



brabantia  
HÖNNUN Á HEIMSMÆLIKVARÐA  
20% AFSLÁTTUR



EDALHNÍFAR Í ELDHÚSIÐ  
20% AFSLÁTTUR



• AEG OFN [B-4101-5-M]  
• AEG HELLUBORÐ [66030 K-M]  
• AEG VIFTA [D570-M]

LISTAVERÐ: 304.700,-

á Sparidögum:  
209.900,-

ÞÚ SPARAR 94.800,- kr.

30%  
afsláttur



≈ 3 TÆKI  
= PAKKA ≈  
TILBOÐ =

## Verbatim

Verbatim-47512

Harður  
diskur  
1 terabit  
- í húsi



LISTAVERÐ: 27.900,-

á Sparidögum:  
22.900,-

## Skullcandy

Heyrnartól

Magnað úrval!

15% AFSLÁTTUR



## Verbatim

Heyrnartól með hljóðnema

LISTAVERÐ: 2.390,-

á Sparidögum:  
1.690,-



## AEG

SMÁTÆKI

20% AFSLÁTTUR



FRÁBÆR FRÖNSK LEIRVARA  
20% AFSLÁTTUR

GEISLASPILARI • ÚTVARP • iPod VAGGA

Spilari MP3, CD-RW  
Magnari: 2 x 80W RMS  
Innbyggð iPod vaggva  
AM/FM útvarp með RDS  
og 40 stöðva minni



SHARP XLDK257NH

## SHARP

SAMSTÆÐA

LISTAVERÐ: 64.900,-  
á Sparidögum:  
49.900,-



## Pioneer

Bílhátalarar

15% AFSLÁTTUR

VELDU VANDAÐ – ÞAÐ BORGAR SIG ALLTAF

# ORMSSON

UMBOÐS-  
MENN  
UM LAND  
ALLT

UNDURFÖGUR  
MYND

## SHARP

32" LCD SJÓNVARP

LISTAVERÐ: 159.900,-  
á Sparidögum:  
139.900,-



SHARP - LC-32DH65

ORMSSON  
LÁGMÚLA 9  
SÍMI 530 2800

ORMSSON  
SÍÐUMÚLA 9  
SÍMI 530 2800

ORMSSON  
SMÁRALIND  
SÍMI 530 2900

ORMSSON  
KEFLAVÍK  
SÍMI 421 1535

ORMSSON  
MODEL-AKRANESI  
SÍMI 431 3333

ORMSSON  
PRISTUR-ÍSAFIRÐI  
SÍMI 456 4751

ORMSSON  
AKUREYRI  
SÍMI 461 5000

ORMSSON  
HÚSAVÍK  
SÍMI 464 1515

ORMSSON  
VÍK-EGILSSTÖÐUM  
SÍMI 471 2038

ORMSSON  
VÍK-NESKAUPSTAÐ  
SÍMI 477 1900

ORMSSON  
ÁRVIRKINN-SELFOSSI  
SÍMI 480 1160

**HERBERT CLARK HOOVER FÆDD-  
IST PENNAN DAG ÁRIÐ 1874.**

„Þegar okkur tekst að láta  
enda ná saman færir ein-  
hver endann.“

**Herbert Clark Hoover var 31.  
forseti Bandaríkjanna. Hann  
var við völd frá árinu 1929  
til 1933. Hoover var forseti  
þegar hrúnið á Wall Street  
varð og í hápunktí kreppunn-  
ar á fjórða áratugnum.**



**PETTA GERÐIST: 10. ÁGÚST 2003**

## Fyrsta geimbrúðkaupið

Fyrir sex árum fór fyrsta  
brúðkaupið fram úti í  
geimnum. Rússneski  
geimfarinn Yuri Ma-  
lenchenko var í geim-  
num, 240 mílum fyrir ofan  
Nýja-Sjáland, á meðan  
brúður hans, bandaríski  
ríkisborgarinn, Ekater-  
ina „Kat“ Dmitriev, var í  
geimstöðinni í Houston  
í Texas.

Athöfnin fór þannig  
fram að bandaríski geim-  
farinn, Edward Lu, annar meðlimur áhafnarinn-  
ar, var svaramaður. Hann spilaði einnig brúðar-  
marsinn á rafmagnshljómborð. Á jörðu niðri stóð  
fjölskylduvínurinn, Harry Noe, í sporum brúð-  
gumans þegar Kat og Yuri voru gift. Brúðurin og



brúðguminn drógu  
hringa á finger sér. Í  
veislunni á jörðu niðri  
voru pappamyndir í  
réttum hlutföllum af  
Malenchenko og Lu  
sem klæddir voru í  
geimbúningana með  
slaufur um hálsinn.

Samband Yuris og  
Kat hófst árið 2002  
þegar þau kynntust á  
skemmtistað í Hous-  
ton á svokölluðu Yuri  
Gagarin-kvöldi. Þau bjuggu saman þar til Yuri  
flaug til geimstöðvarinnar í apríl árið 2003.

Þegar Yuri kom aftur til jarðar var haldin önnur  
athöfn í kirkju í Rússlandi. Hjónakornin fóru svo  
til Ástralíu í brúðkaupsferð.

### MERKISATBURÐIR

- 1779** Veðurathuganir Rasmus-  
ar Lievog hefjast. Hann  
skrárir veðurfar á Álftanesi  
fjórðum sinnum á hverj-  
um sólarhring frá 1779 til  
1785.
- 1801** Landsyfirráttur tekur til  
starfa og fyrsti dómstjóri  
réttarins er Magnús Step-  
hensen.
- 1927** Stephan G. Stephansson  
skáld andast 73 ára. Hann  
flutti ungur vestur um haf  
og bjó lengi við Klettafjöl-  
in.
- 1930** Súlan fer í fyrsta sjúkra-  
flugíð hér á landi. Flugvél-  
in fer frá Reykjavík, lendir  
á Meðalfellsvatni í Kjós og  
sækir veikan pilt.
- 1975** Guðlaug Þorsteinsdóttir,  
14 ára, verður fyrsti kven-  
skákmeistari Norðurlanda.

# tímamót

timamot@frettabladid.is

### AFMÆLI



**SÍV FRÍÐ-  
LEIFSDÓTTIR**  
alþing-  
ismaður er  
47 ára.



**ÓLAFUR  
LAUFDAL**  
veitinga-  
maður er  
65 ára.



**ANTONIO  
BANDERAS**  
leikari er  
49 ára.



**ROSANNA  
ARQUETTE**  
leikkona er  
fimmtug.

### INGÓLFUR EÐVARÐSSON: VIÐURKENNING Á ÓLYMPIULEIKUNUM Í STÆRÐFRÆÐI

# Með stærðfræði í jarðfræði

„Það gekk ágætlega, alla vega betur  
en í fyrra,“ segir Ingólfur Eðvarðsson  
sem fyrr í sumar sótti Ólympíuleik-  
ana í stærðfræði og hlaut þar sérstaka  
viðurkenningu fyrir fullkomna og fal-  
lega lausn á dæmi en viðurkenningin er  
veitt þeim sem fá fullt hús stiga fyrir  
eitthvert dæmi.

Ólympíuleikarnir voru þriðja stærð-  
fræðikeppnin á rúmu ári sem Ingólfur  
tekur þátt í og aðrir Ólympíuleikarnir.  
Þá sótti hann Eystrasaltsleikana í  
stærðfræði í fyrrahaust. Ingólfur seg-  
ist æfa mikið fyrir hvert mót og hefur  
hann í sumar setið við dæmin tíu tíma á  
dag. „Ég mætti upp í Háskóla á morgn-  
ana og reiknaði svo á fullu allan dag-  
inn.“

Ingólfur segir að munur sé á Íslandi  
og öðrum þjóðum í sambandi við stærð-  
fræðikennslu unglinga og almenna  
þjálfun fyrir stærðfræðikeppnir. „Ég  
held að þjálfunin á Íslandi sé öðruvísi  
miðað við aðrar þjóðir á þann hátt að  
í keppnunum reynir á dæmi sem er  
alveg sleppt í námsefninu í framhalds-  
skólum. Við þurfum því að kynna okkur  
efnið sjálf.“

Auk þess að nýta sumarið til stærð-  
fræðiæfinga segist Ingólfur hafa setið  
með stærðfræðidæmin í íslensku- og  
jarðfræðitímum í vetur. „Mér finnst  
ekki alveg jafn gaman í íslensku og  
jarðfræði eins og í stærðfræði,“ segir  
hann hlæjandi.

Aðspurður segist Ingólfur ekki hafa  
haft tíma fyrir mikið annað í sumar  
heldur en stærðfræðina. „Mér finnst  
þetta eiginlega miklu skemmtilegra  
heldur en að vinna á kassa í búð. Þegar  
maður kemst upp á lagið með stærð-  
fræðina verður hún furðu skemmtileg.“



**REIKNADI Í ÍSLENSKU** Ingólfur fékk áhuga á stærðfræði eftir sigur í stærðfræðikeppni Vestur-  
lands í tíunda bekk.

upplýsir Ingólfur. En er hann þá ekki  
alltaf að reikna? „Ég held að þú ættir að  
spyrja einhverja aðra en mig að þessu.  
Ég segi náttúrulega nei en kannski segja  
einhverjir aðrir já. Ég reikna svolítið  
mikið en samt minna en fólk heldur,“  
fullyrðir Ingólfur en kærasta hans var  
líka í ólympíulíðinu þótt Ingólfur segi  
þau sjaldan reikna saman.

Ingólfur útskrifaðist úr Mennta-  
skólanum í Reykjavík í vor en fimm  
af sex keppendum Ólympíuleikanna  
komu þaðan. Hann hefur nú skráð sig  
í stærðfræði í Háskólanum í Reykja-  
vík. „MR er með laugardagsæfingar  
í stærðfræði. Það er örugglega helsta

ástæðan fyrir því að MR nær svona  
mörgum inn,“ segir Ingólfur og bætir  
við að hann hafi mætt á allar æfing-  
arnar nema þá síðustu en þær eru á  
laugardagsmorgnum klukkan 10. „Við  
þekkjumst áður en við förum út og það  
er gaman að skella sér saman til út-  
landa.“

Hefur stærðfræðiáhuginn alltaf verið  
til staðar? „Nei, ég byrjaði ekki að hafa  
áhuga á stærðfræði fyrr en um miðjan  
tíunda bekk þegar ég vann stærðfræði-  
keppni Vesturlands,“ segir Ingólfur en  
kennari hans benti honum á keppnina.  
„Það kveikti í mér.“

martaf@frettabladid.is



*Hjartans þakkir til allra þeirra er auð-  
sýndu okkur samúð og hlýbug við andlát  
og útför okkar elskulegu og ástkæru  
móður, tengdamóður, ömmu og lang-  
ömmu,*

### Maríu Daníelsdóttur

Furugerði 1, Reykjavík, áður til heimilis á  
Eskifirði,

sem lést föstudaginn 17. júlí sl. og var jarðsungen föstu-  
daginn 24. júlí sl.

Daníel Jónasson  
Árni Jónasson  
Örn Jónasson

barnabörn og barnabarnabörn.

Ásdís Ólóf Jakobsdóttir

Anna Britta Vilhjálmsdóttir Warén

Helga Jóhannesdóttir



*Eigin kona mín, móðir, tengdamóðir,  
amma og langamma,*

### Hólmfríður Sigmunds

Trönuhjalla 1, Kópavogi,

andaðist fimmtudaginn 6. ágúst á gjörgæsludeild  
Landspítalans við Hringbraut. Jarðarförin auglýst síðar.

Sigurður E. Kristjánsson

Sesselja Sigurðardóttir

Einar Sigurðsson

Margrét Sigurðardóttir

Hreindís Elva Sigurðardóttir

Sigmundur Sigurðsson

Kristján Sigurðsson

barnabörn og barnabarnabörn.

Halldór E. Sigurþórsson

Ólóf Halldórsdóttir

Jón Ágúst Gunnlaugsson

Brynjólfur Tryggvi Árnason

Ewa Noren

Margrét Þorvaldsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.



*Ástkær eiginmaður minn, faðir og afi,*

### Friðrik Pétursson

fv. kennari, Borgarholtsbraut 20,  
Kópavogi,

lést á Landspítalanum Fossvogi fimmtudaginn 30. júlí.  
Útförin fer fram frá Kópavogskirkju föstudaginn 14.  
ágúst kl. 15.00.

Jóhanna Herdís Sveinbjörnsdóttir

Ríkharður H. Friðriksson

Jóhanna Vigdís Ríkharðsdóttir

Kristín Helga Ríkharðsdóttir.

Ástkær eiginmaður minn, fösturfaðir,

faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

### Björgvin Leonardsson

Völvufelli 29, Reykjavík,

verður jarðsungen frá Fossvogskirkju kl. 15.00 þriðju-  
daginn 11. ágúst.

Natasha Jefimova

Dmitrij Devjatov

Ásta Hrönn Björgvinsdóttir

Jóhann Björgvinsson

Erla Björg B. Þorkelsson

Halla B. Þorkelsson

Emma Agneta Björgvinsdóttir

afa- og langafabörnin.

Natalía Lea Georgsdóttir

Guðjón Steindórsson

Ásthildur Sverrisdóttir

Sigurður G. Sigurðarson



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar og  
afi,

### Ólafur Júlíusson

Hávegi 3, Kópavogi,

verður jarðsungen frá Kópavogskirkju þriðjudaginn  
11. ágúst kl. 13.00.

Sigrún Jónsdóttir

Júlíus Ólafsson

Guðrún Ólafsdóttir

Sólveig Ólafsdóttir

og barnabörn.

Lillian Óskarsdóttir

Oddbjörn Friðvinsson



**PRÆDIR** nefnist samsýning fjögurra glerlistakvenna sem stendur yfir í Gallerí Ófeigs á Skólavörðustíg 5. Glerlistakonurnar eru Helle Víftrup Kristiansen og Susanne Aaes frá Danmörku og þær Ólöf Sigríður Davíðsdóttir í Brákarey og Dagný Prastardóttir frá Ísafirði.

# ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir [jmh@365.is](mailto:jmh@365.is) 512 5473 Hugi Garðarsson [hugi@365.is](mailto:hugi@365.is) 512 5447



## Betra loft betri líðan

**Airfree lofthreinsitækið**

Byggir á nýrri tækni sem eyðir

- Frjókornum, ryki og myglusveppi
- Virusum og bakteríum
- Gæluþráflösu og ólykt
- Er hjóðlaust og viðhaldsfritt
- Tilvalið á heimilið og á skrifstofuna

Hæð aðeins 27 cm



Dóra Ísleifsdóttir með nokkra af þeim andlegu smágrípum sem skipa heiðursess á heimilinu og standa fyrir fjölbreytileika mannfólksins.

## Sjálflysandi kross, bæna-band og búddalíkneski

Dóra Ísleifsdóttir, fagstjóri grafískrar hönnunar við Listaháskóla Íslands, á samsafn nokkurra andlegra smágrípa sem hún geymir á góðum stað þar sem hún sér þá á hverjum morgni þegar hún vaknar.

„Ég valdi nokkra hluti sem eru í uppáhaldi á mínu heimili. Þeir eru nokkurs konar sett, ólíkir gripir sem eru andlegs eðlis,“ segir Dóra Ísleifsdóttir, grafískur hönnuður og fagstjóri grafískrar hönnunar í Listaháskóla Íslands.

„Strangt til tekið eru þessir hlutir hálfgerð drasl, það er að segja engin eðalhönnun eða dýrt dót,“ útskýrir Dóra. Meðal munanna er að finna lítið búddalíkneski, kross sem lýsir í myrkri, kaþólska Maríumynd, talnaband úr íslam sem Dóra fékk gefins í Ístanbúl og tveir steinar, svartur og brúnn, sem henni hafa verið gefnir og fara vel í lófa.

„Kannski má segja að þetta sé viðbragð við andlegum vandræðagangi og áminning um að það er

fleira sameiginlegt með fólki en það sem sundrar því,“ segir hún.

Elsti hluturinn er krossinn sjálflysandi sem Dóra áskotnaðist fyrir fimmtán árum. Hún segist þó ekki safna þessum hlutum sjálf. „Mér hafa verið gefnir þessir hlutir í gegnum tíðina af fólki sem mér þykir vænt um,“ segir hún en hlutirnir hafa því hlotið heiðursess á heimilinu. „Þeir standa á kommóðu í svefnherberginu þannig að ég sé þá alltaf þegar ég vakna. Þetta er næstum eins og lítið altari þó það hafi alls ekki verið hugsað þannig. Það er ekki trúarbragðatengt heldur frekar tákni gegn fanatík og frekar með fólki.“

Dóra segist sjálf vera dæmigerður Íslendingur sem trúir á stokka og steina og finnur margt

gott og slæmt í öllum trúarbrögðum.

„En vantar hana ekki eitthvað fleira í safnið? „Jú, örugglega,“ segir hún hlæjandi og bendir á að það sé góð ábending fyrir vini og kunningja sem vanti hugmyndir að afmælisgjöfum. „Ég er þó alveg á því að þessi hlutir verði að vera ódýrir og jafnveld svoltið klénir eða „kitch“.“

Sem hönnuður hefur Dóra mjög gaman af vel gerðum og skemmtilegum hlutum en er þó sjálf lítill dótasafnari. Vill heldur hafa pláss og andrými í kringum sig. „Við maðurinn minn erum alls ekki stílhrein enda engin stemning fyrir því hjá okkur,“ segir hún glaðlega.

[solveig@frettabladid.is](mailto:solveig@frettabladid.is)

**Útsalan er hafin**

**20 – 50% afsláttur af völdum vörum**

Sængurfatnaður frá 4.980 kr.

Íslensk hönnun á enn betra verði.

**Lin DESIGN**

Lin Design • Laugavegi 176, gamla sjónvarphúsið  
Sími 533 2220 • [www.lindesign](http://www.lindesign)

**ALLT MATUR**

## Stillanleg rúm á sumartilboði



**IQ-CARE**

HEILSUDYNNUR OG HEILSUKODDAR

Ein besta heilsudýna í heimi

Gerð samanburð



[www.svefn.is](http://www.svefn.is)

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Óseyri 2, Akureyri, 461 1150 • Opið virka daga kl. 12:00-18:00 – laugardaga kl. 12:00-16:00



**HITA KÚTAR**  
Amerísk gæða framleiðsla  
30-450 lítrar  
Umboðsmenn um land allt  
**RAFVÖRUR**  
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI  
SÍMI 568 6411 · [RAFVORUR@RAFVORUR.IS](mailto:RAFVORUR@RAFVORUR.IS)

**Kjarni málsins Ekkert viðhald**

**REHAU**  
Gluggar, hurðir, svalahurðir og sólstofur úr viðurkenndu PVC-U hágæða plastefni hafa einstakt einangrunargildi. Íslensk framleiðsla og áratuga reynsla. Sparaðu tíma, leitaðu tilboða.  
[gluggar@kjarnagluggar.is](mailto:gluggar@kjarnagluggar.is)

**Kjarnagluggar**  
Selhelli 13, Hafnarfirði • sími 554 2800  
[kjarnagluggar.is](http://kjarnagluggar.is)



Af nýafstaðinni sýningu í Gallerí Turpentíne í Reykjavík.

## Litir Vestfjarða

Áhrifa ljóss og lita Vestfjarða gætir í hönnun nýrrar vefnaðarvöru Lindu Bjargar Árnadóttur fata- og textilhönnuðar. Ilmur að vestan kemur líka við sögu í kertum frá henni.

Sængurföt, handklæði, púðar, teppi og dúkar tilheyrja nýju heimilislínunni Scintilla sem Linda Björg hannar og er að markaðssetja um þessar mundir. Æðardúnssængur bætast fljótlega við. „Ég tengi þessa nýju línu Vestfjörðum því fyrirtækið mitt er á Patreksfirði og dúnninn er að vestan,“ segir hún. „Kerti, sem meðal annars ilma af þangi og blóðbergi, eru líka í þróun,“ bætir hún við brosandí.



Nóg er að gera hjá Lindu Björgu því fyrir utan heimilisvörurnar hannar hún fatnað og efni fyrir stjórnurnar og svo er hún fagstjóri fatahönnunardeildar Listaháskóla Íslands.

FRÉTTABLAÐIÐ/CVA

Linda Björg starfar sem fagstjóri fatahönnunardeildar Listaháskóla Íslands og hefur unnið um fimmtán ára skeið fyrir tísku-fyrirtæki í París og Mílanó. Um þessar mundir hannar hún fót og efni fyrir fyrirtækið Rue du Mail í París en þar eru fastakúnnar stjórnur eins og Gwineth Paltrow, Cate Blanchett, Sofia Coppola og Carla Bruni. Scintilla verður kynnt í vetur á erlendum vörusýningum í París og New York.

Þótt Linda Björg búi í Reykjavík á hún ásamt manni sínum funkishús frá stríðsárunum vestur á Patreksfirði sem hún segir þeirra vinnustað. „Vestfirðirnir veita okkur innblástur,“ segir hún. „Bæði húsið og umhverfið.“

Scintilla-vefnaðarvaran er ofin, prentuð og ásaumuð í Portúgal að undanskildum ullarteppunum. Hún er á leið í þrjár verslanir hér á landi, Epal í Skeifunni og Leifstöð og Kron Kron við Laugaveg. Sjá [www.scintillalimited.com](http://www.scintillalimited.com)

[gun@frettabladid.is](mailto:gun@frettabladid.is)



Púðarnir eru mjúkir enda úr silkiflauei.

Kerti með angan af íslenskri náttúru.

Ullarteppin fást í fjórum mismunandi litum.

**MaxMara** **MARINA RINALDI**  
STÆRDIR 42-54  
**LAGERSALA 50%-70% AFSLÁTTUR**  
MaxMara, HVERFISGÖTU 6 • 101 REYKJAVÍK • SÍMI 562 2862

**Rauðakrosshúsið**

## Ókeypis námskeið og ráðgjöf

**Mánudagurinn 10. ágúst**

**Sálrænn stuðningur** - Fjallað er um áhrif alvarlegra atburða á andlega líðan fólks og viðbrögð þess í kjölfar slíkra atburða. Tími: 12.30-14.00.

**Prjónahópur** - Við ætlum að koma saman, prjóna, hekla, fá okkur kaffi. Allir velkomnir. Tími: 13.00-15.00.

**Spænska og spænsk menning** - Fyrsti hluti af fjórum. Á þessu námskeiði verða kennd nokkur grunnatriði í spænsku auk þess sem fjallað verður um löndin og fjölbreytileika menningarinnar. Námskeiðið stendur í fjóra daga, tvær klukkustundir í senn. Skráning nauðsynleg. Tími: 15.00-17.00.

**Þriðjudagurinn 11. ágúst**

**Qi – Gong** - Viðar H. Eiríksson leiðir æfingar sem hjálpa fólki að afla, varðveita og dreifa orku um líkamann. Tími: 12.00-13.00.

**Einkatímar í söng** - Fullt! Umsjón: Hulda Björg Víðisdóttir, söngkennari. Tími: 12.00-14.00.

**Tilfinningar, nauðsyn þess að þekkja tilfinningar sínar** - Ráðgjafar Lausnarinnar ([lausnin.is](http://lausnin.is)) halda fyrirlestur um mikilvægi þess að þekkja sjálfan sig og að vera meðvit-aður um tilfinningar sínar. Boðið verður upp á einstaklings-ráðgjöf að fyrirlestri loknum. Tími: 13.30-14.30.

**Hamingja og markmið** - Farið verður yfir grundvallar-atriði markmiðasetningar og mikilvægi þess fyrir hamingju okkar. Tími: 15.00-16.00.

**Miðvikudagurinn 12. ágúst**

**Sjálfbóðaliðar óskast** - Hugmyndaríkt, skapandi og duglegt fólk óskast í sjálfbóðastörf í Rauðakrosshúsinu. Hvað getur þú lagt að mörkum? Tími: 12.30-13.30.

**Tölvuaðstoð og facebook fyrir byrjendur** - Tími: 13.30-15.30.

**Greinaskrif** - Farið er yfir helstu atriði sem hafa þarf í huga þegar skrifa á grein. Tími: 13.30-15.00.

**Bókaklúbbur** - Spjallað verður um bókina Fótspor á hinnum eftir Einar Má Guðmundsson. Tími: 14.00-15.00.

**Spænska og spænsk menning** - Annar hluti af fjórum. Lokað! Tími: 15.00-17.00.

**Fimmtudagurinn 13. ágúst**

**Uppeldi sem virkar- færni til framtíðar, annar hluti af fjórum** - Foreldrar læra aðferðir til að skapa æskileg uppeldiskilyrði. Lokað! Tími: 12.30-14.30.

**Föndur, skropp myndaalbúm** - Lærðu að búa til skrautleg og skemmtileg albúm fyrir upphalds myndirnar þínar. Gott er að hafa skæri meðferðis. Tími: 13.00-15.00.

**Jóga** - Viltu prófa jóga? Tími: 15.00-16.00.

**Föstudagurinn 14. ágúst**

**Einkatímar í söng** - Fullt! Umsjón: Hulda Björg Víðisdóttir, söngkennari. Tími: 12.00-14.00.

**Kaffi** - Kynning frá Kaffitári í máli og myndum ásamt dásamlegri kaffismökkun. Tími: 13.00-14.00.

**Bingó** - Veglegir vinningar í boði. Kaffi á könnunni og vöffur með rjóma. Tími: 14.00-15.30

**Hláturjóga** - Viltu losa um spennu og fylla lífið af hlátri og gleði? Tími: 15.30-16.30.

**Rauði kross Íslands Rauðakrosshúsið**

Borgartúni 25 | Reykjavík | Sími 570 4000 | [raudakrosshusid@redcross.is](mailto:raudakrosshusid@redcross.is) | [www.raudakrosshusid.is](http://www.raudakrosshusid.is) | Opið virka daga kl. 12-17



# Parft þú að **STÆKKA** eða **MINNKA** við þig? ...nú eða bara selja beint!

Bogi Pétursson lögg. fasteignasali  
Finnbogi Hilmarsson lögg. fasteignasali

Sími 530 6500  
heimili@heimili.is

Erum með fjölda eigna á skrá þar sem fólk er tilbúið að skoða ýmis skipti.

**Hafðu samband** við okkur og kannaðu möguleika á eign í makaskiptum. Þú gætir verið komin í hentugri eign áður en þú veist af.

Á Heimili fasteignasölu starfa tveir öflugir löggiltir fasteignasalar, með áratuga reynslu í fasteignasölu, sem eru tilbúnir að vinna fyrir **PIG!** Við leggjum áherslu á vönduð og traust vinnubrögð með hagsmuni þína að leiðarljósi.



# fasteignir

10. ÁGÚST 2009

## SKRIFSTOFUHÚSNÆÐI

Skrifstofuhæð um 335 ferm. til leigu í Síðumúla.

Nýstandsett húsnæði með tölvulögnum og parketgólfi. Nánari upplýsingar í síma 892 1529 og 892 1519.

## Einbýlishús með garði og frístandandi bílskúr

Fasteignasalan Miklaborg er með þriggja hæða einbýlishús í Smáibúðahverfinu á skrá.

**H**úsið stendur ofarlega í botnlanga, nánar tiltekið við Langagerði 78. Það er þriggja hæða og 194,7 fermetrar að stærð með bílskúr og möguleika á aukaíbúð í risi. Bílskúr er frístandandi með rafmagni. Húsinu fylgir garður í góðri rækt. Nýlega var sett dren við húsið.

Á fyrstu hæð hússins er forstofa, stofa, borðstofa, eldhús, tvö herbergi og salerni. Á annarri hæð er möguleiki á aukaíbúð. Tvö herbergi, stofa, eldhús og snyrting. Í kjallara er stórt þvottahús og geymsla með gluggum.

Nánari lýsing: Í forstofu eru plötuflísar á gólfi. Á öðrum gólfum neðri hæðar er teppi nema á eldhúsi sem er dúklagt. Þar er hvítmáluð innrétting. Salerni er með sturtubotni og dúklagt. Upp á efri hæð er trésti.



Húsið er þriggja hæða, með frístandandi bílskúr og garði í góðri rækt.

Komið er upp á pall. Beint fram undan er salerni. Eldhús með mál- aðri innréttingu og plötuflísar á gólfi. Stórt, parketlagt herbergi. Stór dúklögð stofa/herbergi. Herbergi með dúk á gólfi.

Úr eldhúsinu á jarðhæðinni er gengið niður í kjallara þar sem er þvottahús og stórt herbergi. Úr kjallaranum er útgangur í garð, sem er, eins og fyrr sagði, í góðri rækt.

## FOLD FASTEIGNASALA

Laugavegi 170, 2. hæð • Opið virka daga kl. 9:00-17:00  
Sími 552 1400 • Fax 552 1405 • www.fold.is • fold@fold.is

Viðar Böðvarsson viðskiptafræðingur og löggiltur fasteignasali  
Þjónustusími sölumanna eftir lokun 694 1401

### Höfum kaupendur að eftirtöldum eignum:

Einstaklings og 2ja herbergja íbúðum í vesturborg, miðborg og austurborg Reykjavíkur, **Verðbil 9-18 milljónir.**

Sérhæðum í Vesturborginni, hlíðum og víðar í austurborginni, **verðbil 28-38 milljónir** Einbýlis og raðhúsum í Grafarvogi og Grafarholti, **verðbil 30-60 milljónir.**

Litlum einbýlishúsum og sérhæðum í eldri hluta Hafnafjarðar, **Verðbil 25-40 milljónir** Einbýlishúsum í Kópavogi og Garðabæ á stærðarbili 150-250 fm. **Verðbil 35-60 milljónir.** Glæsilegu einbýlishúsi Á Seltjarnarnesi, Vesturborginni eða miðborginni, **verðbil 75-100 milljónir.**

Einnig erum við með kaupendur að eignum víðs vegar á Stór Reykjavíkarsvæðinu í makaskiptum fyrir minni eignir.

Hafið samband og skráið eignina hjá Fold-fasteignasölu.

## EIGNAMIÐLUN Mosfellsbæ



Einar Páll Kjarnested,  
lögg. fasteignasali

10 ár  
í Mosfellsbæ


Sími: 586 8080 • Kjarna • Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær • www.fastmos.is

### Dagverðarnes - Skorradal



59,5 m<sup>2</sup> sumarbústaður á 2.712 m<sup>2</sup> eignarlóð neðst í landi Dagverðarnes við Skorradalvatn. Stór og rúmgöð verönd er umhverfis húsið með heitum potti. Þetta sumarhús er einstaklega vel staðsett í dalnum á vatnalóð í einu eftirsóttasta sumarhússvæði landsins. Glæsilegt útsýni! **V. 25,9 m. 4645**

### Dalbrekka - Varmadal



Mjög vel staðsett og vandað heilsárshús í aðeins í 20 mín. fjarlægð frá Reykjavík. Húsið var allt endurbýtt fyrir um 10 árum. Mjög fallegt útsýni er út Sundin, Mosfellsbæinn og víðar. Rétt fyrir neðan húsið rennur Leirvogsaín. Húsið skiptist í forstofu, setustofu, dagstofu, eldhús, þrjú herbergi og baðherbergi. **Óskað er eftir kaupþilboði í eignina.**



**Stórkriki**  
Fallegt 262,1 fm einbýlishús í byggingu á tveimur pöllum með innbyggðum bílskúr við Stórkrika 12 í Mosfellsbæ. Húsið er einingarhús frá Loftorku og er rúmlega fohkelt í dag. **V. 39,7 m. 4638**



**Ásland-Parhús m/aukaíbúð**  
Mjög fallegt 203,8 m<sup>2</sup> parhús á 2. hæðum með aukaíbúð á jarðhæð og góðum bílskúr við Ásland í Mosfellsbæ. Húsið stendur hátt yfir aðra byggð í kring og er útsýni mjög mikið frá húsinu. **V. 43,9 m. 4374**



**Lindarbyggð - Parhús**  
Vel skipulagt 177,1 m<sup>2</sup> parhús með bílskúli við Lindarbyggð í Mosfellsbæ. Húsið skiptist í forstofu, borðstofu, stóra stofu m/sólstofu, eldhús, þvottahús, sjónvarpshol, 3 barnaherbergi, hjónaherbergi og baðherbergi með kári. Búíð er að loka bílskúli og innrétta herbergi. **V. 37,9 m. 4627**



**Súluhöfði - Parhús**  
*Ólafur Ingi Stígss. 7	Björn Pálsson. 5
Ásgeir Þórður Ásg. 6	Guðni Rúnar Helgas. 6
Ingimundur Niels Ó. 7	Ellert Hreinnsson. 4
(85., Kjartan Andri. -)	Halldór Orri Björnss. 7
Albert Brynjar Ingas. 6	Alfreð Elías Jóhannes. 4
Kjartan Ág. Breiðdal. 5	(81., Bjarki Páll Eyst. -)

\*Maður leiksins

#### PEPSI-DEILD KARLA

ÍBV-Fjölnir	3-1
0-1 Andri Valur Ivarsson (8.), 1-1 Viðar Örn Kjartansson (11.), 2-1 Andri Ólafsson (20.), 3-1 Tony Mawejje (79.)	
Próttur-Grindavík	1-5
0-1 Scott Ramsay (17.), 1-1 Oddur Ingi Guðmundsson (29.), 1-2 Óli Baldur Bjarnason (35.), 1-3 Scott Ramsay (83.), 1-4 Páll Guðmunds. (88.), 1-5 Jósef Kristinn Jósefsson (89.)	
Keflavík-Breiðablik	0-3
0-1 Kristinn Steindórsen (17.), 0-2 Árni Kristinn Gunnarsson (62.), 0-3 Alfreð Finnbogason (86.)	

#### STADAN Í DEILDINN:

FH	16	13	1	2	45-16	40
KR	15	9	3	3	34-20	30
Fylkir	16	9	2	5	26-17	29
Keflavík	16	6	6	4	25-29	24
Stjarnan	16	7	2	7	35-27	23
Fram	15	6	3	6	23-18	21
Breiðablik	16	6	3	7	24-27	21
Valur	16	6	2	8	19-29	20
Grindavík	15	5	3	7	24-29	18
ÍBV	15	5	2	8	18-26	17
Fjölnir	16	3	3	10	19-32	12
Próttur	16	3	2	11	20-42	11

# KR drap FH-grýluna með stæl

Tvö efstu lið Pepsi-deildarinnar mættust í stórskemmtilegum leik í Kaplakrika í gær. Sex mörk litu dagsins ljós og hefðu þau vel getað orðið mun fleiri. KR-ingar minnkuðu forskot FH á toppnum niður í 10 stig.

**FÓTBOLTI** „Uppspera KR hér hefur verið mjög mögur undandarin ár. Við höfðum ekki unnið hér í fimmtán ár og ég held að undir eðlilegum kringumstæðum á undanförmum árum hefði liðið brotnað við að lenda undir 2-1 gegn FH,“ sagði kampakáttur Logi Ólafsson, þjálfari KR, eftir magnaðan sigur hans liðs á Íslandsmeisturum FH.

„Við nýttum okkur Evrópukeppnina vel og erum betra lið núna en þegar við fórum inn í þessa keppni. Ég er mjög sáttur við niðurstöðuna í dag, ekki síst fyrir þær sakir að við spiludag erfiðan Evrópuleik á fimmtudaginn og komum heim frá Basel í gær. Við nýttum tímann úti til að æfa og slaka á,“ sagði Logi. „Við erum að sýna fram á það að við ætlum okkur að minnsta kosti annað sætið. Ég hef ekki trú á neinu öðru en FH-ingar haldi áfram að vinna leiki.“

Leikurinn í gær stóð svo sannarlega undir væntingum og vel rúmlega það. Strax á þriðju mínútu leiksins kom fyrsta markið en það skoraði Björgólfur Takefusa eftir magnaða sendingu Guðmundar Benediktssonar. Björgólfur lék á Daða Lárusson áður en hann skoraði í tómt markið. Eftir að hafa tekið forystuna hrundi leikur KR um tíma og það stóð ekki steinn yfir steini í spilamennsku liðsins.

Það nýttu Íslandsmeistararnir sér og tóku forystuna með tveimur mörkum Atla Guðnasonar með stuttu millibili. Það fyrra eftir sendingu Atla Viðars Björnssonar og það síðara eftir undirbúning Matthíasar Vilhjálmssonar. Atli sýndi klókinni sín við fjarstöngina í báðum mörkunum.

Mögnuð byrjun á leikum og áfram hélt fjörið. KR átti að fá vítaspyrnu þegar Daði Lárusson hrinti Guðmundi Benediktssyni í teignum á átjándu mínútu en þrátt fyrir að vera vel staðsettur ákvað



**FJÖRUGUR LEIKUR** KR-ingurinn Björgólfur Takefusa í baráttunni við Tommy Nielsen hjá FH.

Magnús Þórisson á óskiljanlegan hátt að dæma ekkert.

En KR-ingar náðu að jafna um tíu mínútum eftir þetta atvik. Gunnar Örn Jónsson fékk boltann við vítateigsendann og náði hörkuskti sem söng í netinu. KR-ingar voru síðan hættulegri út hálfleikinn en staðan jöfn 2-2 þegar flautað var til hálfleiks.

Skemmtunin hélt áfram í seinni hálfleik og boðið var upp á fjölda færa og fallegra sókna. Matthías Vilhjálmsson átti skalla í stöng-

ina áður en KR-ingar náðu forystunni á ný. Gunnar Örn skoraði sitt annað mark en boltinn hafði viðkomu í varnarmanni áður en hann söng í netinu. Undir lok leiksins innsiglaði Baldur Sigurðsson síðan sigur KR sem verður að teljast sanngjarn en Vesturbæjarliðið lék á als oddi í gær. Gunnar Örn lagði upp mark Baldurs og kórónaði stjórnuleik sinn.

Fyrir leikinn hafði FH unnið síðustu níu deildarleiki sína gegn KR en þá var þetta fyrsta tap FH á heimavelli á leiktíðinni. „Sem betur fer er þetta tilfinning sem við þekkjum ekki vel. En við verðum að kunna að tapa líka. Þetta var skemmtilegur og opinn leikur þar sem það voru færi á báða bóga og þetta hefði getað dottið hvorum megin sem var. Þeir voru bara ákveðnari í að sigra þetta í dag,“ sagði Tryggvi Guðmundsson, leikmaður FH.

„Þeir eru mun betri núna en þegar við mættum þeim fyrr í sumar. Enda hefur liðinu gengið vel í bikar- og Evrópukeppni og það gefur þeim auknið sjálfstraust,“ sagði Tryggvi eftir þennan frábæra toppslag.

elvargeir@365.is

FH	2-4	KR
0-1 Björgólfur Takefusa (3.), 1-1 Atli Guðnason (6.), 2-1 Atli Guðnason (9.), 2-2 Gunnar Örn Jónsson (27.), 2-3 Gunnar Örn (68.), 2-4 Baldur Sigurðsson (88.)		<b>FH 4-3-3</b> Daði Lárusson 5 - Guðni Páll Kristjánsson 4 (52., Pétur Viðarsson 5), Dennis Siim 5, Tommy Nielsen 5, Hjörtur Logi Valgarðsson 6 - Davíð Þór Viðarsson 6, Matthías Vilhjálmsson 7, Tryggvi Guðmundsson 6 - Ólafur Páll Snorrason 5 (70., Björn Daniel Sverrisson 5), Atli Guðnason 7 (76., Alexander Toft Söderlund -), Atli Viðar Björnsson 6.
Kaplakrikavöllur, áhorf.: 2218 Magnús Þórisson (4)		<b>KR 4-4-2</b> Andre Hansen 6 - Skúli Jón Friðgeirsson 6, Mark Rutgers 6, Grétar Sigfínnur Sigurðarson 7, Jordao Diogo 8 - *Gunnar Örn Jónsson 9, Baldur Sigurðsson 7, Bjarni Guðjónsson 7, Atli Jóhannsson 7 (90., Ásgeir Örn Ólafsson -) - Guðmundur Benediktsson 8 (78., Gunnar Kristjánsson -), Björgólfur Takefusa 8.
<b>TÖLFRÆÐIN</b>		
Skot (á mark)	9-9 (5-3)	
Varin skot	Daði 1 - Hanson 2	
Horn	6-4	
Aukaspjurnur fengnar	9-15	
Rangstöður	2-6	

Fram vann 2-1 sigur á Val í Reykjavíkurlagnum þrátt fyrir að lenda undir:

## Enn versnar staða Valsmanna

**FÓTBOLTI** Fram lyfti sér upp fyrir Val í Pepsi-deildinni með góðum, 2-1, sigri á heimavelli Vals í gærkvöld. Fá færi voru í fyrri hálfleik þótt Valsmenn hafi þrisvar verið aðgangsharðir á síðasta korteri hálfleiksins eftir kraftlitlar upphafsmínútur.

Valsmenn skoruðu fyrsta mark leiksins nánast upp úr þurru og virtust ætla að láta kné fylgja kviði næstu mínútur á eftir en Framarar nýttu sér það hve framlega Valsmenn voru komnir og skoruðu laglegt mark fjórum mínútum eftir mark Vals.

Eftir það gekk hvorki né rak hjá Val í sóknarleikum og Framarar náðu öllum völdum á vellinum og tryggðu sér verðskuldaðan sigur 21 mínútu fyrir leiklok.

„Við erum að klára leikina og það var mjög gott að klára þetta í [gær] eftir að hafa lent undir,“



**KOMU TIL BAKA** Framarar fagna hér jöfnunarmarkinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

sagði káttur Þorvaldur Örlygsson, þjálfari Fram, eftir leikinn.

„Strákarnir héldu ró sinni þrátt fyrir markið. Þeir héldu áfram og héldu færslu á liðinu. Þetta var frábær leikur hjá okkur.“

„Mér fannst við ekki spila eins vel og ég hefði viljað í fyrri hálfleik. Menn lögðu sig fram en það voru of margar sendingar sem misfórust sem hefði mátt nýta

betur því það var mikið pláss á miðjunni og tækifærin voru til staðar.“

„Það má ekki taka það af Val að þeir eru með gott lið og með marga frábæra einstaklinga sem geta klárað leikina upp á eigin spýtur,“ sagði Þorvaldur að lokum.

Atli Eðvaldsson, þjálfari Vals, var vonsvikinn í leiklok. „Það var óþarfi að tapa þessu. Við þurfum að gera þrjár breytingar á skömmum tíma í seinni hálfleik og leikurinn riðlast mikið við það. Þá gefum við þeim mörk og það eru persónulegir feilar leikmanna sem verða til þess að mörkin eru skoruð.“

„Við þurfum að verja 1-0 stöðu okkar. Hræðslan við að hinir jafna verður svo mikil að við hættum að spila fótbolta,“ sagði Atli.

-gmi

**DEEP FREEZE**  
snöggkælir

Deep Freeze snöggkælir  
vöðva og liði eftir meiðsli.



**BIKAR Í BREIÐHOLT** Einar Daði Lárússon og Jóhanna Ingadóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/YÓSKAR

## ÍR stöðvaði sigurgöngu FH: Við vorum orðin rosalega hungruð

**FRJÁLSAR** Það mátti sjá bros á andlitum margra ÍR-inga í Laugar- dalnum á laugardaginn þegar ÍR tryggði sér bikarmeistaratilinn í frjálsum í fyrsta sinn frá árinu 1989.

ÍR-liðið stöðvaði um leið fimmtán ára sigurgöngu FH-inga sem höfðu unnið bikarmeistaratilinn samfelld frá og með árinu 1994. FH-ingar urðu í 2. sæti nú en unnu þó karlakeppnina. ÍR vann kvinnakeppnina.

Einar Daði Lárússon, fyrirlíði ÍR, stóð sig frábærlega í bikar- keppninni og vann meðal annars þrjár einstaklingsgreinar. Hann var ánægður í mótslok.

„Það gekk bara allt upp hjá okkur og ég get ekki verið ánægðari því þetta var drauma- helgi,“ sagði Einar Daði. „Við vorum orðin rosalega hungruð í þetta. Við tókum þetta á gleðinni og viljanum held ég,“ sagði Einar Daði. „Þetta var jafnt fyrirfram en við áttum bara betri helgi og tókum þetta. FH-ingarnir voru búnir að vinna þetta alltof oft í röð og það var kominn tími á þetta,“ sagði Einar Daði. - 66j

Sveitakeppnin í golfi:

## GKG og GK urðu meistarar

**GOLF** Karlalið Golfklúbbs Kópavogs og Garðabæjar og kvinnalið Golfklúbbs Keilis tryggðu sér sigur í Sveitakeppni Golfsambands Íslands í gær. GKG vann GR 3-2 í úrslitum karlakeppninnar sem fram fór á Jaðarsvelli á Akureyri en Keilir vann GR 2-1 í úrslitum kvinnakeppninnar sem fram fór á Garðavelli.

Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar vann sveitakeppnina í annað sinn á þremur árum og í þriðja sinn alls. Kvinnalið Golfklúbbs Keilis vann sveitakeppnina annað árið í röð og í fimmta sinn á síðustu átta árum. - 66j

	<b>1-2</b>	
Valur		Fram

Vodafonevöllur, áhorf.: 1257 Þóróddur Hjaltalín (8)

1-0 Helgi Sigurðsson (56.), 1-1 Joseph Tillen (60.), 1-2 Almarr Ormarsson (69.)

### TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	11-9 (7-5)
Varin skot	Kjartan 2 - Hannes 4
Horn	5-9
Aukaspjnmur fengnar	11-11
Rangstöður	5-3

VALUR 4-4-2	FRAM 4-5-1
Kjartan Sturluson 5	Hannes Þór Halldórs 6
Ian Jeffs 5	Daði Guðmundsson 6
Reynir Leósson 6	Auðun Helgason 6
Atli Sv. Þórarinnsson 5	Kristján Hauksson 6
Bjarni Ólafur Eiríkss. 6	Samuel Tillen 7
Matthías Guðmunds. 4	Paul McShane 6
Sigurbjörn Hreiðars. 5	(79., Heiðar Geir Júl. -)
(59., Einar Marteins. 5)	Jón Guðni Fjóluson 7
Baldur Aðalsteinsson 4	Almarr Ormarsson 7
Arnar Gunnlaugsson 4	(84., Guðm. Magnús. -)
(70., Pétur Markan 5)	<b>*Halldór H. Jónss. 8</b>
Marel Baldvínsson 4	Joseph Tillen 7
Helgi Sigurðsson 5	Hjálmar Þórarinnsson 4
(65., Viktor Unnar 5)	(89., Hlynur Atli Mag. -)

\*Maður leiksins

Chelsea vann fyrsta titilinn undir stjórn Ítalans Carlo Ancelotti þegar liðið vann Samfélagsskjöldinn í gær:

# Lítil hefnd hjá Chelsea fyrir Moskvu 2008

**FÓTBOLTI** Bikarmeistarar Chelsea unnu í gær fyrsta titil tímabilsins í ensku úrvalsdeildinni þegar liðið vann 4-1 sigur á Englandsmesturum Manchester United í vítakeppni í leiknum um Samfélagsskjöldinn á Wembley í dag. Leiknum sjálfum lauk með 2-2 jafntefli.

Það má segja að þessi sigur Chelsea í vítakeppninni sé lítil og síðbúin hefnd fyrir tap liðsins fyrir Manchester United í vítakeppni úrslitaleiks Meistaradeildarinnar í Mosku vorið 2008. Chelsea-menn sýndu mikið öryggi í vítakeppninni og þyttu allar sínar fjórar spyrnur. Petr Cech varði síðan víti frá Ryan Giggs og Patr-

ice Evra.

„Þetta er sætur sigur. Það er mjög góð tilfinning að byrja tímabilið á sigri,“ sagði Chelsea-maðurinn Frank Lampard sem skoraði bæði í leiknum og vítakeppninni.

Manchester United þótti á sér brotið þegar Michael Ballack keyrði niður Patrice Evra og Chelsea skoraði seinna mark sitt á meðan Frakkinn lá emjandi í grasinu. Frank Lampard skoraði markið en áður hafði Ricardo Carvalho jafnað metin.

„Dómarinn sá greinilega brotið þegar Ballack fór með olnbogann í Evra. Ég er mjög vonsvikinn því dómarinn stoppaði leikinn tvisvar



**BYRJA Á TITLI** John Terry og Frank Lampard lyftu saman Samfélagsskjöldinn í leikslok í gær. NORDICPHOTOS/AFP

áður þegar hann hélt að um alvarleg meiðsli væri að ræða. Þetta atvik kostaði okkur leikinn,“ sagði Alex Ferguson, stjóri United. Frank Lampard var ekki á sama máli og Ferguson. „Menn ættu bara að skoða reglurnar. Það er dómarinn sem stoppar leikinn. Við höldum áfram og ég er viss um að United-mennirnir hefðu gert það sama,“ sagði Lampard.

Nani kom Manchester United yfir strax á 10. mínútu og það leit út fyrir að markið umdeilda myndi tryggja Chelsea sigurinn þegar Wayne Rooney slapp í gegn og jafnaði metin í uppbótartíma. - 66j

## STYRKJANDI DAGSKAMMTUR

### LGG+ STYRKIR VARNIR LÍKAMANS

**UMHVERFISÁHRIF**

Veikindi  
Streita  
Ferðalög  
Álag  
Óreglulegt mataræði

**LGG+**

Bætir meltinguna og kemur jafnvægi á hana  
Mikið mótstöðuafli  
Fjölþætt varnarverkun  
Stuðlar að vellíðan

**VEIKJA VARNIR LÍKAMANS**

**STYRKIR VARNIR LÍKAMANS**

**MARKVISS STYRKING:**

LGG+ er styrkjandi dagskammtur sem hentar öllu fólki á öllum aldri. Regluleg neysla LGG+ er sjálfsgöð forvörn þeirra sem láta sér annt um heilbrigði sitt og styrkir þá gegn innrásum margs konar óæskilegra örvera.

**BYRJAÐU DAGINN MEÐ LGG+**

Það getur tekið LGG+ einn mánuð að byggja upp gerlaflóruna og til að viðhalda hámarksáhrifum er mikilvægt að neyta þess daglega.

Fjöldi klínískra rannsókna hefur sýnt fram á virkni LGG+ gerla. Þeir hafa margvísleg jákvæð áhrif á varnir líkamans og hafa m.a. jákvæð áhrif á meltingarveginn og styrkja ónæmiskerfið.

www.ms.is/lgg

## > Joe Mantegna

„Við megum ekki vera svo uppþekin við að bjarga heiminum að við gleymum þeim sem standa okkur næst.“

**Mantegna leikur í þættinum Glæpahneigð sem Sjónvarpið sýnir í kvöld kl. 21.15.**



# dagskrá



## VIÐ TÆKIÐ VÍÐIR SMÁRI PETERSEN HORFIR ÓTRÚLEGA MIKIÐ Á STELPUPÆTTI

### Syndgar alltof oft

Mér liður svoltið eins og ég sé óléttur því ég horfi á ótrúlega marga stelpupætti, fjöldi þeirra er eiginlega hálfvandræðalegur. En áður en upptalningin á þessum syndum mínum hefst langar mig að segja að venjulega horfi ég á rosalega karlmannlega þætti, bara til að hafa það á hreinu.

Ég hef lengi verið mikill aðdáandi Nágranna. Í þá vil ég ekki eyða mörgum orðum, enda skrifað heilan sjónvarpsstíll um uppáhalds Nágranna allra landsmanna áður. Læt ég nægja að segja að Nágrannar eru bestu þættir sem nokkurn tímann hafa verið framleiddir – vægast sagt.

Annað æði sem ég hef haft um töluverðan tíma eru raunveruleikapættir. Ekkert er skemmtilegra en að horfa á einhverja með lélegt sjálfssálit reyna að sýna hæfileika sína



og enda á því að brotna niður eftir kaldranalegt komment frá breskum dómara (af hverju eru breskir dómara í öllum bandarískum raunveruleikapáttum?!). Einnig hef ég gaman af því að horfa á Oprah, El-stöðina, Sex and the City og hvað þetta nú allt saman heitir. En það er ekkert óeðlilegt, er það nokkuð?

Það sem kemur mér hins vegar mest á óvart er að nú nýlega datt ég inn í Gossip Girl! Allir voru að tala um þessa þætti, annaðhvort á jákvæðum eða neikvæðum nótum svo ég ákvað að gefa þáttunum séns og þeir eru skemmtilegri en ég hafði þorað að vona! Hverjum finnst ekki gaman að fylgjast með ástarævintýrunum og skandöllumum á Manhattan? Verst við þessa þætti er bara titillinn, því mér fannst titillinn í raun segja „strákar, ekki horfa á þennan þátt“.

Því fer þó fjarri! Þetta er ekki jafnvæmið eins og One Tree Hill en samt á sama tíma meira spennandi en O.C. Hin fullkomlega blanda í raun.

## MÁNUDAGUR



► 18.00 My Best Friend's Wedding STÖÐ 2 BÍÓ



► 19.45 Two and a Half Men STÖÐ 2



► 20.10 Breska konungsfjölskyldan SJÓNVARPIÐ



► 20.30 Matarklúbburinn SKJÁREINN



► 21.40 Back To You STÖÐ 2 EXTRA

## SJÓNVARPIÐ

16.00 Heimsmeistaramót íslenska hestsins (e)

16.35 Leiðarljós

17.20 Táknmálsfréttir

17.30 Hanna Montana (46:56)

17.53 Sammi (37:52)

18.00 Millý og Mollý (23:26)

18.13 Halli og risaæðlufatan (23:26)

18.25 Út og suður (e)

19.00 Fréttir

19.30 Veðurfréttir

19.35 Kastljós

► 20.10 Breska konungsfjölskyldan (Monarchy - The Royal Family at Work) (3:6) Heimildamyndaflokkur um bresku konungsfjölskylduna og opinber störf hennar.

21.00 Sólkerfið (Space Files) (7:13) Stuttir fræðsluþættir um sólkerfið.

21.15 Glæpahneigð (Criminal Minds) (47:65) Bandarísk þáttaröð um sérsvið lögreglumanna sem rýnir í persónuleika hættulegra glæpamanna. Aðalhlutverk: Joe Mantegna, Thomas Gibson og Shemar Moore.

22.00 Tíufréttir

22.15 Veðurfréttir

22.20 Íslenski boltinn Sínd verða mörkin úr síðustu leikjum á Íslandsmótinu í fótbolta.

23.05 Fé og freistingar (12:23) (e)

23.50 Flokksgæðingar (3:8) (e)

00.40 Kastljós (e)

01.15 Dagskrárlök

## BÍÓ

08.15 Mr. Mom

10.00 Planet of the Apes

12.00 My Best Friend's Wedding

14.00 Accepted

16.00 Planet of the Apes

► 18.00 My Best Friend's Wedding Juli- anne elskar Michael og gerir allt til að koma í veg fyrir að hann giftist annari konu.

20.00 Flicka

22.00 Daltry Calhoun

00.00 The Prestige

02.10 Infernal Affairs

04.00 Hostage

06.00 The Sentinel

## STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Áfram Diego, áfram!, Kalli litli Kanína og vinir og Galdrastelpurnar.

08.15 Oprah

08.55 Í fínu formi

09.10 Bold and the Beautiful

09.30 Doctors (9:25)

10.00 Doctors (10:25)

10.30 Eldsnöggt með Jóa Fel (5:10)

11.05 60 mínútur

11.50 Gossip Girl (23:25)

12.35 Nágrannar

13.00 Hollyoaks (251:260)

13.25 Wendy Wu. Homecoming Warrior

15.10 ET Weekend

15.55 Barnatími Stöðvar 2 Njónnarskólinn, A.T.O.M. og Galdrastelpurnar.

17.08 Bold and the Beautiful

17.33 Nágrannar

17.58 Friends (12:24) Rachel tekur að sér að þjálfa Joey fyrir stefnumót og mikil keppni er milli vinanna í nýja tölvuleiknum hennar Monicu, þar sem Chandler hefur náð fyrsta sæti.

18.23 Veður

18.30 Fréttir Stöðvar 2

18.47 Íþróttir

18.54 Ísland í dag

19.11 Veður

19.20 The Simpsons

► 19.45 Two and a Half Men (21:24) Charli Sheen og John Cryer leika Harper-bræðurna gerólíku, Charlie og Alan.

20.10 So You Think You Can Dance (16:23) Staersta danskeppni í heimi snýr aftur fimmta sumarið í röð.

21.35 So You Think You Can Dance (17:23)

22.25 The Best Years (6:13) Framhaldsþættir um unglingsstúlkuna Samönthu Best sem hefur síðustu ár verið flutt á milli fósturheimila. Nú er hún að hefja skólagöngu í virt- um háskóla og þar þarf hún að læra að takast á við háskólalífið og ástina.

23.10 Bones (22:26)

23.55 Irreversible

01.30 Wendy Wu. Homecoming Warrior

03.00 John Tucker Must Die

04.30 The Best Years (6:13)

05.15 Fréttir og Ísland í dag

## SPORT

besta sætið

07.00 FH - KR Útsending frá leik FH og KR í Pepsi-deild karla.

17.10 FH - KR Útsending frá leik FH og KR í Pepsi-deild karla.

19.00 Pepsímörkin 2009 Magnús Gylfason og Tómas Ingi Tómasson fara yfir alla leiki umferðarinnar ásamt íþróttafréttamönnum Stöðvar 2 Sport.

20.00 World Golf Championship 2009 Útsending frá lokadeginum á Bridgestone Invitational mótinu í golfi.

23.00 10 Bestu: Albert Guðmundsson Síðastur en þó alls ekki sístur í þessari þáttaröð um tíu bestu knattspyrnumenn Íslands-sögunnar er Albert Guðmundsson.

23.40 Man. Utd. - Chelsea Útsending frá leik um Samfélagskjöldinn.

## SPORT 2

enski boltinn

07.00 Man. Utd. - Chelsea Útsending frá leik um Samfélagskjöldinn.

17.45 PL Classic Matches Manchester Utd - Chelsea, 2000. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

18.15 Goals of the Season 2008 Öll glæsilegustu mörk hvernar leiktíðar Úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.

19.10 Man. Utd. - Chelsea Útsending frá leik Man. Utd og Chelsea um Samfélagskjöldinn.

21.05 1001 Goals Bestu mörk úrvalsdeildarinnar frá upphafi.

22.00 Coca Cola mörkin 2009/2010 Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deildinni. Öll flottustu mörkin og tilþrífir á einum stað.

22.30 Oliver Kahn Heimildarmyndarþáttur um einn besta markvörð heims, Oliver Kahn. Í þessum þætti verður ferill hans skoðaður og hægt verður að kynna Kahn á annan hátt en fólk á að venjast.

## SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist

08.00 Rachael Ray (e)

08.45 Pepsi MAX tónlist

18.00 Rachael Ray Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.

18.45 America's Funniest Home Videos (10:48) (e)

19.10 Robin Hood (8:13) (e)

20.00 What I Like About You (13:24) Bandarísk gamanseria um tveir ólíkar systur í New York. Aðalhlutverkinn leika Amanda Bynes og Jennie Garth.

► 20.30 Matarklúbburinn (7:8) Nýr íslenskur matreiðsluþáttur þar sem landsliðskokkurinn Hrefna Rósa Sætran matreiðir ljúffenga og einfalda rétti fyrir áhorfendur og gesti sína.

21.00 Bachelorette (5:12) Bandarísk raunveruleikasería þar sem ung og einhleyp kona fær tækifæri til að finna draumaprinsinn í hópi myndarlegra piparsveina.

21.50 Home James (6:10) Þegar fólk er búð að fá sér í glas og er ekki í ástandi til að keyra heim, getur það hringt í Home James sem sendir einkabílstjóra á staðinn á lítilli vespu.

22.20 Murder (6:10) Bandarísk raunveruleikasería þar sem venjulegt fólk glímur við raunverulegar morðgátur. Glæpimír hafa verið sviðsettir af mikilli nákvæmni og hvert smáatriði skiptir máli. Sex þáttakendum er skipt í tvö lið sem rannsaka vettvang glæpsins, fá aðgang að lögregluskýrslum og niðurstöðum krufningar.

23.10 Penn & Teller. Bullshit (37:59)

23.40 The Dead Zone (8:13) (e)

00.30 CSI (16:24) (e)

01.10 Pepsi MAX tónlist

## INN

20.00 Eldum Íslenskt

20.30 Frumkvöðlar Í umsjón Elinóru Ingu Sigurðardóttur.

21.00 7 leiðir með Gaua litla Guðjón Sigmundsson, Sigurbjörg Jónsdóttir og Viðar Garðarsson fjalla um heilsufar og mataræði.

21.30 Í nærveru sálar Umsjón: Kolbrún Baldursdóttir sálfræðingur.

Dagskrá INN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

**SIBA**  
ÞAKRENNUKERFI  
á öll hús - allsstaðar

Mikið litaúrval

**BLIKKÁS - FUNI**  
Smiðjuvegj 74 - 201 Kópavogi  
Sími 515 8700 - www.blikkas.is

**TRAUST OG ÖRUGG ÞJÓNUSTA**  
SÍMI 533 4040  
kjoreign@kjoreign.is  
OPNUNARTÍMI MÁN-FÖS KL. 9-17  
Dan V.S. Wiium hdl., lögg. fasteignasali

FASTEIGNASALA • Ármúli 21, Reykjavík • www.kjoreign.is

**LYNGBREKKA 9, KÓPAVOGUR.**

**Opíð hús**

**OPÍÐ HÚS ÞRÍDJUDAGINN**  
11. ÁGÚST KL. 20:00- 22:00

Efri sérhæð um 110,2 fm í góðu þrjúbýlishúsi. Sérinnangangur. Rúmgóð íbúð með fjórum svefnherbergjum. Frábært útsýni yfir Fossvogsdalinn og til Esjunnar. Sérþvottahúsi í íbúð. Íbúðin er laus við kaupsamning. Ásettverð 26,0 millj. - Möguleg skipti á minni eign.

**Guðný tekur vel á móti áhugasömum.**

Dan V.S. Wiium hdl., og löggiltur fasteignasali

Ólafur Guðmundsson  
Söluþjóni, sími: 896 4090

**Blaðberinn**

**bíður þín**

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.

Blaðberinn...

...góðar fréttir fyrir umhverfið

## Í KVÖLD

## STÖÐ 2 KL. 20.10

## So You Think You Can Dance

Stærsta danskeppni í heimi heldur áfram. Allt byrjaði þetta með prufunum sem fóru fram í fjórum borgum. Eftir niðurskurð stóðu tíu keppendur eftir í úrslitakeppninni, en í kvöld þurfa tveir dansarar til viðbótar að kveðja drauminn um að verða næsta dansstjarna Bandaríkjanna. Ótrúleg tilprif, dramatisk dansatriði, magnaðir dansarar og kolvuglaðir dómarar í kvöld í So You Think You Can Dance.



► VIÐ MÆLUM MED  
Bachelorette  
Skjár einn kl. 21.00

Bandarísk raunveruleikasería þar sem ung og einhleyp kona fær tækifæri til að finna draumaprinsinn í hópi myndarlegra piparsveina. Það eru bara sex sveinar eftir og nú mætir DeAnna í myndverði og útskýrir af hverju þeir hafa alltaf fengið rós. Frægasta Bachelor-párið, Trista og Ryan, kíkja í heimsókn.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.38 Morgunfrúin	15.03 Útvarpssagan: Ljósíð í vatninu
06.50 Bæn	15.25 Fólk og fræði
07.03 Morgunfrúin	16.00 Síðdegisfréttir
07.30 Fréttayfirlit	16.13 Hlaupanótan
08.00 Morgunfréttir	17.03 Víðsjá
08.11 Morgunfundur með KK	18.00 Kvöldfréttir
08.30 Fréttayfirlit	18.16 Spegillinn
09.05 Okkar á milli	18.50 Dánarfregnir
09.45 Morgunleikfimi	19.00 Endurómur úr Evrópu
10.13 Stefnumót	20.00 Leynifélagið
11.03 Samfélagið í nærmynd	20.30 Kvika
12.00 Fréttayfirlit	21.10 Framtíð lýðræðis
12.02 Hádegisútlarp	22.12 Orð kvöldins
12.20 Hádegisfréttir	22.15 Kvöldagan: Syndin er lævis og lipur
12.50 Dánarfregnir og auglýsingar	22.45 Bláar nótur í bland
13.00 Vít og breitt	23.20 Lostafulli listræninginn
14.03 Jacqueline du Pré	00.07 Næturtonar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útlarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útlarp Latibær / Fjölskyldu útlarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útlarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

## EXTRA

16.45 Hollyoaks (250:260)

17.15 Hollyoaks (251:260)

17.40 E.R. (2:22) Þættir sem gerast á bráðamatöktu sjúkrahúsi í Chicago þar sem erillinn er næstum óviðráðanlegur og læknamir fá nánast engan tíma til að taka ákvarðanir upp á líf og dauða.

18.25 Seinfeld (14:22)

18.45 Hollyoaks (250:260)

19.15 Hollyoaks (251:260)

19.40 E.R. (2:22)

20.25 Seinfeld (14:22)

21.00 Fréttir Stöðvar 2

21.20 Ísland í dag

► 21.40 Back To You (1:17) Kelsey Grammer leikur vinsælan og óþolandi sjálfumgláðan fréttalesara sem ræður sig aftur á gömlu stöðina, þar sem enn starfar sem fréttalesari gamla kærastan og barnsmóðir hans.

22.05 Monk (7:16) Einkaspæjarinn og sérvitringurinn Adrian Monk heldur áfram að aðstoða lögregluna við lausn allra undarlegustu sakamála sem flest hver eru æði kómísk þótt glæpir séu auðvitað alltaf dauðans alvara.

22.50 Numbers (4:23) Þættir sem fjalla um tvo ólíka bræður sem sameina krafta sína við rannsókn flókinna sakamála. Sá eldri, Don er varðstjóri hjá FBI en sá yngri, Charlie er stærðfræðisérni sem fundið hefur leið til að nota reikniformúlur og líkindareikning í þágu glæparannsóknna.

23.35 Lie to Me (8:13)

00.20 The 4400 (1:13)

01.05 Sjáðu

01.30 Fréttir Stöðvar 2

02.30 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

## BBC entertainment

10.00 Only Fools and Horses 10.30 Absolutely Fabulous 11.00 Only Fools and Horses 11.30 Absolutely Fabulous 12.00 My Hero 12.30 After You've Gone 13.00 Only Fools and Horses 13.30 Absolutely Fabulous 14.00 The Weakest Link 14.45 My Hero 15.15 After You've Gone 15.45 Only Fools and Horses 16.15 Absolutely Fabulous 16.45 EastEnders 17.15 The Weakest Link 18.00 My Hero 18.30 After You've Gone 19.00 Coupling 19.30 The Black Adder 20.05 Torchwood 20.55 Coupling 21.25 The Black Adder 21.55 EastEnders 22.25 The Weakest Link 23.10 Torchwood

## DR 1

10.00 DR Update - nyheder og vejr 10.10 Historien om Norges polarområder 11.05 De finske heste 12.00 Det lille hus på prærien 12.50 Nyheder på tegnsprog 13.00 DR Update - nyheder og vejr 13.10 Høvdinglebold 13.55 En lille reminder. Nye II 14.05 Lucky Luke 14.30 Naruto 14.55 Den lyserode panter 15.00 Ninja Turtles 15.20 Oggy og kakerlakkerne 15.30 Pippi Langstrømpe 16.00 Vilde verden 16.30 TV Avisen med Sport 17.00 Aftenshowet med Vejr 17.30 Kær på tur 18.00 Ægyptens gæder 19.00 TV Avisen 19.25 SportNyt 19.30 Horsont Special. Dyrkøbt dun 20.20 Bag tremmer 21.10 Eureka 21.55 OBS 22.00 Seinfeld

## NK1

10.30 Norge rundt jukeboks 11.30 Sport Jukeboks 12.30 Svisj gull jukeboks 13.55 Norge rundt 14.20 Operasjon lovsprett 15.45 Mine dager 15.50 Oddasat - nyheter på samisk 15.55 Nyheter på tegnspråk 16.00 Supertrioen 16.25 Vennene på Solflerken 16.40 Distriktsnyheter 17.00 Dagsrevyen 17.35 Fjas og fakta om hagar 18.25 Landeplage 18.55 Distriktsnyheter 19.00 Dagsrevyen 21 19.30 Sommeråpent 20.15 The Street 21.15 Kveldsnytt 21.30 Derrick 22.30 Kjærlighetens sommer 23.20 Sport Jukeboks

## SVT 1

10.00 Rapport 10.05 Sportspegeln 12.25 Bröllopet på Solö 14.00 Rapport 14.05 Gomorron Sverige 14.55 Flyttasset går 15.25 Norsk attraksjon 15.55 Blomsterspråk 16.00 Rapport 16.10 Regionala nyheter 16.15 Kommer du ihåg Frank? 17.15 Min farbror Paco 17.30 Rapport 17.50 Regionala nyheter 18.00 Himmelblå 18.45 Handläggare P327JUM 19.00 Upp till kamp 20.30 Allsång på Skansen 21.30 Being human 22.30 Sändningar från SVT24

# Mikið úrval rjómaosta við öll tækifæri



Rjómaostur er einstaklega mjúkur og auðsmyrjanlegur ferskostur. Hann er uppistaðan í ostakökum og krydduðu tegundirnar eru einkar ljúffengar með brauði og kexi. Rjómaostur hentar einnig sérlega vel til að bragðbæta súpur og sósur.

med hvítlauk  
med kryddblöndu



med sölþurrkuðum tómötum



ostur.is

## HVAD SEGIR MAMMA?



„Ég er þvillt stolt. Hún lenti í meiðslum og var frá í þrjú ár þannig að henni seinkaði, en mér finnst bara frábært að hún hafi aldrei gefist upp og haldið áfram að berjast fyrir þessu takmarki, að komast í landsliðið. Hún er keppnismanneskja, gefur sig aldrei og ég held að hún eigi bara eftir að verða liðinu til sóma.“

Helga Kristjánsdóttir, móðir Kristínar Ýrar Bjarnadóttur sem hefur verið valin í A-landsliðið í fótbolta í fyrsta sinn og verður eini nýliðinn fyrir lokakeppni EM í Finnlandi.

## Sex manna hópur skrifar Skaupið í ár

„Ég er hoppandi spennt! Þetta verður örugglega ótrúlega gaman, enda hefur árið verið ansi viðburðaríkt og því af nægu að taka,“ segir leikkonan Anna Svava Knútsdóttir sem mun skrifa handritið að Áramótaskaupinu í ár auk annarra. Þeir sem koma að handritsskrifunum ásamt Önnu Svövu eru Ari Eldjárn, Sævar Sigurgeirsson, Halldór Einarsson, Ottó Geir Borg og leikstjórinn sjálfur, Gunnar Björn Guðmundsson. Samkvæmt Þórhalli Gunnarssyni, dagskrárstjóra Ríkissjónvarpsins, gæti þó bæst í hóp höfunda ef þess þykir þurfa.

Aðspurð segist Anna Svava ekki hafa verið sérstaklega dugleg við að fylgjast með fréttum það sem af er ári en telur að það komi ekki að sök.

„Ég er hins vegar búin að liggja yfir gömlum Spaugstofubátum og eldri Skaupum í leit að innblæstri. Ætli ég muni ekki sjá um það sem við getum kallað dagsdaglega grínið og hinir höfundarnir um pólitísku brandarana, þeir eru allir miklir fréttafíklar og skilja til dæmis IceSave-málið mun betur en ég.“

Anna Svava var í vor ráðin sem annar umsjónarmanna Stundarinnar okkar. Hún skrifar handritið ásamt Björgvini Franz og fer einnig með hlutverk í þáttunum. Spurð hvort mikill munur sé á því að skrifa handrit að Áramótaskaupinu vinsæla og barnaefni segir hún svo ekki vera. „Við erum ekki búin að halda nema einn fund fyrir Skaupið en ég held að þetta verði ekki

ósvipað og að skrifa fyrir Stundina okkar, þetta er bæði jafn krefjandi. Maður verður að höfða til allra aldurshópa þegar maður semur Skaupið, þar með talið barnanna. Er þetta ekki líka eina kvöldið sem börnin fá að vaka fram eftir öllu og horfa á sjónvarp?“

- sm  
NÝTT FÓLK Anna Svava og Ari Eldjárn eru í sex manna hópi sem skrifar handrit skaupsins.



1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

## LÁRÉTT

2. tuska, 6. ógrynni, 8. röð, 9. matjurt, 11. tveir eins, 12. klemma, 14. ávitur, 16. ólæti, 17. uppistaða, 18. æðri vera, 20. vörumerki, 21. nabbí.

## LÓÐRÉTT

1. tónlistarstíll, 3. bogi, 4. planta, 5. kraftur, 7. fáskiptinn, 10. áþekkt, 13. erfiði, 15. skrambi, 16. temja, 19. tveir eins.

## LAUSN

1. 2. 3. 4. 5. 6. 7. 8. 9. 10. 11. 12. 13. 14. 15. 16. 17. 18. 19. 20. 21.

1. 2. 3. 4. 5. 6. 7. 8. 9. 10. 11. 12. 13. 14. 15. 16. 17. 18. 19. 20. 21.

## VEISTU SVARID

Svör við spurningum á síðu 8

1. Helgu Sigurðardóttur.
2. Friðriki Ómari Hjörleifssyni.
3. Menntaskólinn.

**Takk!**  
907 2002  
Hjálparstarf kirkjunnar  
www.help.is

KOLBRÚN AÐALSTEINSDÓTTIR: ÞÖRF Á VIÐBURÐI SEM ÞESSUM

## Tískuvikan endurvakin

Tískuviðburðurinn Iceland Fashion Week verður endurvakin eftir þriggja ára hlé og verður haldinn hátíðlegur í hausti í tengslum við Ljósanótt í Reykjanesbæ.

Kolbrún Aðalsteinsdóttir er stofnandi tískuvikunnar og segir hún að sér hafi þótt þörf á viðburði sem þessum hér á landi. „Það eru tískuvikur haldnar um allan heim og mér fannst þörf á því að Íslendingar fengju sína eigin tískuviku til að vekja athygli á landi og þjóð. Eftir að ég útskrifaðist frá Brautargengi, sem er námskeið fyrir konur með nýjar viðskiptahugmyndir, var ég komin með góða viðskiptaáætlun um hvernig ég gæti komið þessu öllu í framkvæmd.“

Fyrsta tískuvikan var haldin árið 2000 og hét þá Midnight Sun Fashion Festival en árið 2003 var ákveðið að breyta nafninu í Iceland Fashion Week. „Við höfum reynt að tengja viðburðinn við íslenska náttúru og höfum meðal annars haldið sýningar uppi á Vatnajökli, í Vestmannaeyjum og við Landmannalaugar. Í ár ætlum við að halda þetta í tengslum við Ljósanótt, en það kemur til vegna þess að Keilir er okkar helsti styrktaraðili og þeir eru í miklu samstarfi við Reykjanesbæ,“ segir Kolbrún.

„Í ár munu nfu klæðskeramenntuð ungmenni taka þátt í tískuvikunni. Það verður sér sýning til einkuð þeim svo þau geti kynnt fólki hönnun sína, eftir sýninguna verður haldinn sérstakur flómarkaður þar sem þau geta selt flíkurnar. Við höfum einnig boðið þeim erlendu hönnuðum sem hingað koma til að selja sína hönnun og fara héðan með tómar töskur, en þau hafa ekki enn gefið endanlegt svar við því.“

Einhverjar óánægjuraddir hafa verið á lofti vegna ráðningar listræns stjórnanda hátíðarinnar, en fólki þykir skritið að sá skuli hafa verið fenginn að utan. „Málið er að Iceland Fashion Week er að mestu leyti rekið með velvilja



AÐSTANDENDUR TÍSKUVIKUNNAR Kolbrún Aðalsteinsdóttir, lengst til hægri á myndinni, ásamt samstarfsfólki vinnur hörðum höndum við undirbúning tískuvikunnar

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



ÆFING SKAPAR MEISTARANN Fyrirsæturnar standa í ströngu þessa dagana við æfingar fyrir sýninguna.

fólks þannig að þegar fólk býður vinnu sína fram að kostnaðarlausu þá segir maður ekki nei. Mikili af þessu fólki er að bjóða sig fram



því það telur að það séu góð meðmæli að hafa komið að þessu,“ segir Kolbrún að lokum.

sara@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Sjónvarpsstjarnan **Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir** er ekki þekkt fyrir það að sitja auðum höndum. Meðfram starfi sínu í Kastljósinu og öðrum þáttum á RÚV hefur hún síðustu árin verið að fóta sig sem leikona. Eftirminnlegasta hlutverkið til þessa er vitanlega aðalhlutverkið í Ástrópiu. Bíómyndunum á ferilsskrá Ragnhildar mun þó fjölga mikið á næstunni. Í næsta mánuði birtist hún í hrollvekjuni Reykjavík Whale Watching Massacre og skömmu síðar er það barnamyndin hans Sveppa. Báðar eiga eflaust eftir að draga ófáa Íslendinga í kvikmyndahús. Þessa dagana er Ragnhildur svo að leika í Laxdælu Lárusar, nýrri mynd Ólafs Jóhannessonar.



Fréttablaðið hefur sagt frá liðssöfnun Einars Bárðarsonar fyrir útvarpsstöðina Kanann. Síðast kom fram að **Jón Axel Ólafsson** væri að ihuga endurkomu í útvarp



en ár og dagur er síðan hann og Gunnlaugur Helgason mynduðu saman tvíeykið Tveir með öllu. Gulli Helga mun raunar einnig ætla að munstra sig á Kanann. Allt verður þetta svo voða heimilislegt því **Kristín Ruth Jónsdóttir**, dóttir áður nefnds Jóns Axels, hefur gengið frá ráðningu sinni á Kanann. Hún hefur, þrátt fyrir ungan aldur, heilmikla reynslu úr útvarpi – meðal annars úr Zúuber-þættinum á FM957.



- hdm

## Tilnefnd til CODE-verðlaunanna

„Ég veit í raun ekki hvernig þetta bar að,“ segir Harpa Einarsdóttir sem er tilnefnd til norrænu CODE-verðlaunanna fyrir búningahönnun sína í tölvuleiknum EVE online. Harpa hóf störf hjá tölvuleikjafyrirtækinu CCP á Íslandi fyrir rúmum tveimur árum þar sem hún hefur hannað búninga fyrir hinn vinsæla tölvuleik EVE online, en hún starfar nú fyrir útíbú fyrirtækisins í Atlanta.

„Við létum prenta út eina stóra mynd af búningi sem var sendur inn sem mitt innlegg í þessa keppni. Ég fékk svo allt í einu skilaboð frá vinnunni um að ég væri tilnefnd til verðlaunanna, en þetta fór í gegnum íslensku skrifstofuna,“ útskýrir Harpa.

CODE09 fer fram í Bella Center í Kaupmannahöfn dagana 27. til 30. ágúst, en CODE stendur fyrir COpenhagen Design og er vattvangur fyrir nýstárlega norræna hönnun, hvort sem um ræðir húsgögn, lýsingu, textíl eða tæknibúnað. Verðlaunahátíðin verður hluti af alþjóðlegri hönnunarkvik Danmerkur sem haldin er í fyrsta sinn í ár. Aðspurð segist Harpa því miður ekki geta verið viðstödd þegar verðlaunin verða afhent. „Mig lang-



FNILEG Harpa Einarsdóttir er tilnefnd til CODE-verðlaunanna fyrir búningahönnun sína í tölvuleiknum EVE online.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

ar mikið að fara, en það er svo mikið að gera hjá mér í Atlanta. Í staðinn ætla Friðrik Weishappel, vinur minn, að fara sem minn fulltrúi,“ segir Harpa og brosir.

- ag

**TAL**  
Getraunaleikur Tals og Vísis  
Drögum vikulega út veglega vinninga  
Taktu þátt á Vísir.is



VÍSIR.IS



Ertu að fylgjast með mér NÚNA Dr. Gunni?



# ÓDÝRASTIR Í SKÓLAVÖRUM\*

\*Samkvæmt verðkönnun sem gerð var 29. júlí 2009

Kúlupennar



19 kr. stk.

Fánamiðar



399 kr.

Límstifti



frá 199 kr.

Bakpokar



1.990 kr.

Plastmöppur



frá 49 kr.

Skrifblokkir



frá 199 kr.

Skrúfblyantar



49 kr. stk.

Áherslupennar



99 kr.

Sundpokar



frá 590 kr.

Skeifan 550-4110, Kringlan 550-4130, Smáralind 550-4140, Korputorg 550-4135, Hafnarfjörður 550-4120, Selfoss 550-4190, Vestmannaeyjar 550-4180, Egilsstaðir 550-4160, Akureyri 550-4150, Ísafjörður 550-4170

**Office1**



**BAKÞANKAR**  
Þórhildar Elínar  
Elínardóttur

## Hinn harði veruleiki

Snemmsumars þoldi ég ekki Sfleiri frásagnir af fjármála-hneykslum og kreppu heldur þráði hið einfalda og hamingjusama líf þar sem áhyggjurnar snúast um hvort eigi að grilla aftur í kvöld eða ekki. Hin dásamlega sumar-blíða ýtti undir draumsýn um yndislega daga í notalegu tjaldi við lítinn hjalandi læk með fuglasöng og landnámskjarri. Börnin berfætt að vaða í sólarblíðunni og við hjónin með spriklandi bleikju á stöng.

**SEM** hljómar út af fyrir sig mjög rómantískt, einkum fyrir þann sem hefur aðallega séð sveitina í sjónvarpi. Raunveruleikinn er töluvert harðneskulegri. Tjaldútilega þýðir til dæmis heljarinnar undirbúning þar sem ekkert má klikka. Eftir óstjórnlega langdregið bras er bíllinn loks pakkaður upp í þak af öllu því sem mögulega gæti komið í góðar þarfir. Fyrir utan það sem er alveg glatað að gleyma eins og vasahníf, nesti og eldspýtum rekur öryggisþörfin roskið og ráðsett fólk til að hrifsa aukreitis með nauðsynjar á borð við inniskó, míkadó og hárbلاسara. Sem gæti komið sér vel við ýrtruðu aðstæður. Auk þess hefur sama fólkíð vanist alls kyns þægindum eins og þaki, rúmi og sæng og jafnframt losað sig við sveigjanleikann gagnvart umtalsverðum breytingum. Að potast við tjaldstög og vindsængurblastur í fjórum gráðum og norðanstrekkningi er aðallega skemmtilegt í minningunni. Sjálfskipuð útleigð í svefnþoka sem endurtekur sig árlega er óskiljanleg óþægindaþörf og verðugt rannsóknarefni í sjálfu sér.

**EINKATJALDSTÆÐI** við lítinn hjalandi læk með fuglasöng og landnámskjarri er auk þess mjög langt í burtu og hinn kosturinn er skipulagt fjölskyldusvæði með hávaðasömu fjölmenni og stöðluðum rólóvelli fyrir börnin. Svo strax á degi tvö hljómaði bændagisting í afskekktum dal einkar freistandi. Þar má til dæmis finna uppþúin rúm, vatnssalerni og jafnvel rafmagnslýsingu. Og út við ysta haf beið reyndar upphitað smáhýsi, blessunarlega laust við alla staðla. Staðarhaldari lagði þó óvænt og strangt bann við hundahaldi sem var smámunasemi í töluverðri þversögn við stálpaða heimalningana sem héldu til í dagstofunni á bænum. Tillögu minni um að dulbúa hundinn í kápu og sjal og lauma honum inn í húsið var hafnað, fólkíð mitt skortir átakanlega allan brotavilja.



**GÓÐAN DAG!**  
Í dag er sunnudagurinn 10. ágúst 2009, 222. dagur ársins.

|           | Sólarupprás | Hádeggi | Sólarlag |
|-----------|-------------|---------|----------|
| Reykjavík | 5.03        | 13.33   | 22.00    |
| Akureyri  | 4.35        | 13.18   | 21.58    |

Heimild: Almanak Háskólans

# ÚTSALIA

## REKKAJAN



### 25-70% AFSLÁTTUR!



SVEINSÓFAR  
25-30%  
AFSLÁTTUR!



KING KOIL  
Amerískt heilsurúm  
(Queen size 153x203)  
FRÁ kr. 99.850



HEILSUKODDAR  
30%  
AFSLÁTTUR!

SÆNGURFATNAÐUR  
30% AFSLÁTTUR!



rekkjan